



STAFRÆNT
SÉRPRENT

Þorgeir Sigurðsson
Tvískelfdur háttur og Rekstefja

SÓN

TÍMARIT UM
ÓÐFRÆÐI

14 2016

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

14. HEFTI

RITSTJÓRAR

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

HAUKUR ÞORGEIRSSON

ÓÐFRÆÐIFÉLAGIÐ BOÐN

REYKJAVÍK

2016

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFANDI
Óðfræðifélagið Boðn

VEFUR ÚTGEFANDA OG TÍMARITS
bodn.is

RITSTJÓRAR
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir
Sími: 660 5907. Netfang: annaing@bi.is

Haukur Þorgeirsson
Sími: 849 9381. Netfang: haukurth@bi.is

RITNEFND
*Alda Björk Valdimarsdóttir, Bjarki Karlsson, Bjarni Stefán Konráðsson,
Helgi Skúli Kjartansson, Klaus Johan Myrvoll, Kristján Árnason,
Kristján Eiríksson, Kristján Jóhann Jónsson, Mikael Males,
Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Rósa Þorsteinsdóttir, Sveinn Yngvi Egilsson,
Þórður Helgason, Þórunn Sigurðardóttir*

MYND Á KÁPU
Aðalsteinn Svanur Sigfússon

UMBROT
Bjarki Karlsson

LETUR
Greinar: *Junicode eftir Peter Baker*
Ljóð: *Adobe Garamond Pro*

PRENTUN
Litlaprent

ISSN 1670-3723

Efni

I. RITRÝNDAR GREINAR

Rósa Þorsteinsdóttir: „ <i>Það vill heldur djassinn ...</i> “ <i>Um vinsældir rímnakveðskapar á síðustu öld</i>	13
Þorgeir Sigurðsson: <i>Tvískelfdur háttur</i> og REKSTEFJA	37
Heimir Pálsson: <i>Tilraun til menningarbyltingar</i>	77
Sigurður Konráðsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>Hlutföll hljóða í ljóðstöfum</i>	105
Haukur Þorgeirsson: <i>Hnútasvipa Sievers prófessors – Um bragfræði VÖLUSPÁR</i>	117

II. ÓÐFLUGUR OG UMRÆÐUGREINAR

Atli Harðarson: <i>Þýðing á SKÖPUNINI eftir Oðýssea Elytis</i>	151
Helgi Skúli Kjartansson: <i>Sönglög og bragliðir</i>	169
Þórunn Sigurðardóttir: „ <i>Af hræðum hjörtum</i> “ – <i>Tregablandið þakklæti</i> <i>í heillaósk til handa árgömlu barni eftir Ara Jochumsson</i>	175
Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir: <i>Stigið yfir þröskuld táranna –</i> <i>Um UPPHAFNINGU INÖNNU eftir Enhedúönnu</i>	181
Þórður Helgason: <i>Boð á ástarfund</i>	191

III. RITSTJÓRNAREFNI

Óðfræðifélagið Boðn – Annáll ársins 2016	202
Tilkynning: Boðnarþing 2017 – Ljóðlist á 21. öld	204

L J Ó Ð

Sigurður Pálsson: ÓMUNATÍÐ – (Sónarljóð 2016)	6
Jón Ingvar Jónsson: NJÁLSRÍMUR	33
Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir: VERKLOK	75
Soffía Bjarnadóttir: MEÐ TUNGUNNI	103
Eiríkur Örn Norðdahl: LJÓÐ UM SÝNILEIKA	114
Sigurlín Bjarney Gísladóttir: TVÍEIN/NN (HERMAFRÓDÍTUS OG SALMAKIS Í TJÖRNINNI)	166
Dagur Hjartarson: EFTIR NÆTURVAKT Á KLEPPI	174
Þórður Helgason: AF JÓLAKETTI	180
Guðrún Hannesdóttir: LAUS TAUMUR	198

Sónarljóð 2016

Ómunatið

Laufið er fokið
baulið í kúnum
lágvært og haustlegt

Trén standa í garðinum
bíða eftir hvítum svefni

Eitt sinn hefði ég sagt:
örþreytt
standa trén í garðinum

Núna fullyrði ég ekkert
um tilfinningar trjáa
ekkert um lopapjónaða
nóvemberþoku

Fullyrði ekkert um linditrén
við stöðuvatnið
þar sem hótelið var

Núna reyni ég
að vera reiðubúinn til ferðar
á hverju kvöldi

Sónarljóð 2016

Sérhver nótt
nýtt ferðalag yfir heiðina
Sérhver nótt ómunatíð

Reyni að muna feginleikann
að vera kominn niður
hinum megin

Furðan að sjá linditré
við stöðuvatnið
þar sem hótelið var ...

Sónarskáld

Sigurður Pálsson (f. 1948) gaf út sína fyrstu ljóðabók árið 1975 og nú eru ljóðabækur hans orðnar sextán. Sú nýjasta heitir *Ljóð muna rödd*. Hann hefur einnig samið leikrit og gefið út minningabækur og sinnt mikilsverðum þýðingum úr frönsku. Sigurður er menntaður í leikhúsfræðum og bókmenntum frá Sorbonne háskóla í París og hefur kennt við Leiklistarskóla Íslands en síðustu ár hefur hann kennt ritlist við Háskóla Íslands. Sigurði hafa hlotnast margvíslegar viðurkenningar fyrir ritstörf sín, bæði hérlendis og í Frakklandi.

Höfundar greina

Atli Harðarson (f. 1960) er heimspekingur og með doktorspróf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hann er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er með doktorspróf í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er rannsóknardósent við Handritasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimir Pálsson (f. 1944) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands og með dósentpróf frá Uppsalaháskóla. Hann hefur lengst af starfað að menntamálum og bókaútgáfu og stundar nú sem eftirlaunamaður rannsóknir á Snorra-Eddu.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í sagnfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir (f. 1987) er með MA-próf í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Hún er sjálfstætt starfandi fræðimaður hjá Reykjavíkurakademiunni og stundar rannsóknir á bókmenntaarfi Mesópótamíu; þýðingar úr súmersku og akkadísku og greiningar á þeim verkum. Einnig skrifar hún greinar og bókadóma, meðal annars á miðlunum *Hugrás* og *Sirkustjaldinu*.

Sigurður Konráðsson (f. 1953) er cand. mag. í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1944) er doktor í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er ljóðskáld og fyrrverandi adjunkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en er nú sjálfstætt starfandi fræðimaður.

Rósa Þorsteinsdóttir (f. 1958) er með MA-próf í þjóðfræði frá Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þorgeir Sigurðsson (f. 1957) er rafmagnsverkfræðingur frá DTU í Kaupmannahöfn og með MA-próf í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands. Hann er doktorsnemi í íslenskri málfræði.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er ljóðskáld og fyrrum dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en er nú sjálfstætt starfandi fræðimaður .

Þórunn Sigurðardóttir (f. 1954) er með doktorspróf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ljóðskáld

Dagur Hjartarson (f. 1986) hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2012 fyrir ljóðabók sína *Par sem vindarnir hvílast - og fleiri einlæg ljóð* og 2016 kom út skáldsaga hans *Síðasta ástarjátningin*. Dagur er menntaskólakennari í Reykjavík og fæst við ritstörf í tómstundum.

Eiríkur Örn Norðdabl (f. 1978) er ísfrskur rithöfundur, þýðandi og ljóðskáld. Hann hefur gefið út fimm skáldsögur, sex ljóðabækur, matreiðslukver og tvö ritgerðasöfn og hafa verk hans birst á ótal tungumálum. Fyrir skáldsöguna *Illsku* (2012) hlaut hann Íslensku bókmenntaverðlaunin og Transfuge-verðlaunin fyrir bestu norrænu skáldsöguna í Frakklandi. Bókin var auk þess tilnefnd til annarra verðlauna, meðal annars Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Ljóðabókin *Óratorrek – ljóð um samfélagsleg málefni* er væntanleg frá Máli og menningu 2017.

Guðrún Hannesdóttir (f. 1944) er bókasafnsfræðingur að mennt en hefur einnig sinnt ritstörfum og myndskreytingum um langt skeið. Hún hefur meðal annars safnað og gefið út alþýðukveðskap úr skriflegri og munnlegri geymd og myndskreytt bækur eftir sjálfa sig og aðra. Guðrún hefur gefið út sjö ljóðabækur og sú nýjasta, *Skin*, kom út árið 2016.

Jón Ingvar Jónsson (f. 1957) er forritari og leiðsögumaður. Hann hefur lengi fengist við ljóðagerð og ljóð eftir hann hafa birst í tímaritum og bókum.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (f. 1958) er þjóðfræðingur og með doktorspróf í íslenskum bókmenntum. Hún hefur meðal annars starfað sem háskólakennari, skólameistari, fræðimaður og alþingismaður. Ólína er rithöfundur og kvæðakona og hefur sinnt ljóðagerð um árabíl. Árið 2009 kom út hennar fyrsta og hingað til eina ljóðabók, *Vestanvindur. Ljóð og lausir endar*.

Sigurlin Bjarney Gísladóttir (f. 1975) er með MA-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands og stundar nú doktorsnám við sama skóla. Árið 2016 gaf hún út ljóðabókina *Tungusól og nokkrir dagar í maí* sem var jafnframt hennar sjötta bók en hún hefur einnig skrifað smásögur, örsögur og nóvellu.

Soffía Bjarnadóttir (f. 1975) er rithöfundur og skáld. Fyrsta skáldsaga hennar, *Segulskekkja*, kom út árið 2014 og ljóðabókin *Beinhvít skurn* árið 2015. Soffía er með MA-próf í almennri bókmenntafræði og MA-próf í ritlist frá Háskóla Íslands. Ný ljóðabók er væntanleg frá Soffíu vorið 2017.

Þórður Helgason (sjá yfirlit um höfunda greina).

SÓN

Són, tímarit um óðfræði, kemur út árlega og birtir ritrýndar rannsóknargreinar og yfirlitsgreinar um hvaðeina á sviði ljóðlistar, skáldskaparmála og bragfræði. Þetta köllum við einu nafni óðfræði.

Auk þess birtir tímaritið ritstýrðar umræðugreinar og smágreinar á sama sviði, frásagnir af rannsóknarverkefnum og ritfregnir.

Á milli greina eru frumbirt ljóð eða ljóðabýðingar skálda sem leitað hefur verið til. Sérstakan heiðursess skipar Sónarskaldið hverju sinni með fyrsta ljóð hvers heftis. *Són* birtir jöfnum höndum háttbundin ljóð og ljóð í frjálsu formi.

Leiðbeiningar til þeirra sem hafa hug á að skrifa greinar er að finna á vefsíðu Óðfræðifélagsins Boðnar, bodn.is, en Boðn er útgáfufélag *Sónar*. Á vefnum er jafnframt greint frá ferli ritrýningar.

Áskrifendur *Sónar* eru jafnframt félagar í Óðfræðifélaginu Boðn, hafa atkvæðisrétt á aðalfundum og eru kjörgengir til stjórnar félagsins. Sjá nánar lög þess á bodn.is.

Áskrift

Til þess að panta áskrift að tímaritinu eða breyta henni, vinsamlega sendið póst á netfangið son@bodn.is en póstur á það netfang berst ritstjórum og gjaldkera félagsins hverju sinni.

Frá ritstjórum

Til lesenda

Tímaritið *Són* kemur nú fyrir sjónir lesenda sinna í fjórtánda sinn, fullt af áhugaverðu efni að vanda. Ritrýndar greinar eru fimm og ritstýrðar óðflugur og umræðugreinar eru einnig fimm að tölu. Sónarskáld að þessu sinni er Sigurður Pálsson sem er öllum ljóðaðunnendum að góðu kunnur en nýjasta ljóðabók hans, *Ljóð muna rödd*, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2016. Sigurður hlaut verðlaun Jónasar Hallgrímssonar á degi íslenskrar tungu 2016 og forseti Íslands sæmði hann riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu á nýársdag 2017 fyrir framlag sitt til íslenskra bókmennta og menningar. Átta önnur íslensk ljóðskáld eiga frumbirt ljóð í heftinu.

Við viljum þakka öllum greina- og ljóðahöfundum sem og ritrýnum og yfirlesurum fyrir þeirra ólaunaða starf og mikilsverða framlag í þágu *Sónar*. Ábendingum um efni; greinar, ljóð og ljóðabýðingar, má koma til ritstjóra.

Tekin hefur verið upp sú nýjung að auðkenna enn betur en áður ritrýndar greinar í *Són* með sérstöku merki í lok hvernar greinar og á upphafssíðu hins ritrýnda hluta (sjá næstu opnu). Merkið er byggt á mynd sem Magni Þór Pétursson hannaði og leyfði okkar að laga að tilefninu en myndin prýddi upphaflega kápu 10. heftis *Sónar*. Ritstjórar færa Magna Þór hér með sínar bestu þakkir.

Áskriftargjaldið er innheimt með rafrænum greiðsluseðli sem kemur fram í heimabanka. Þeir áskrifendur sem ekki eru með heimabanka fá reikning í pósti með heftinu og geta greitt hann í banka. Hægt er að fá eldri hefti *Sónar* við vægu verði og nýir áskrifendur fá síðasta hefti sér að kostnaðarlausu.

Athygli lesenda er vakin á aðalfundi Boðnar þann 15. febrúar 2017 og árlegu Boðnarþingi sem haldið verður 28. apríl 2017, sjá nánar hér aftar í heftinu.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Haukur Þorgeirsson, ritstjórar

Porgeir Sigurðsson

Tvískelfdur háttur og Rekstefja

Inngangur

Kvæðið REKSTEFJA er eitt fárra gamalla dróttkvæða sem varðveist hafa í heilu lagi. Þess vegna er kvæðið mikils virði en það væri enn verðmætara ef meira væri vitað um það. Ekki er vitað með vissu hver samdi kvæðið, hvenær það var samið, fyrir hvern eða af hverju. Það er ekki líkt neinu öðru kvæði og þess vegna er erfitt að átta sig á því. Það virðir ekki bragreglur sem öll önnur kvæði virða og gæti þess vegna verið eftir mann sem kunnir ekki réttar bragreglur eða mann sem skildi þær betur en aðrir. Í þessari grein er háttur REKSTEFJU rannsakaður og kvæðið borið saman við stakar vísur undir sama hætti með það að markmiði að skera úr um hvort brot á bragreglum séu vegna háttarins eða vegna vankunnáttu eða sérkenna í máli skáldsins.¹

REKSTEFJA er eina kvæðið sem til er undir *tvískelfdum* hætti sem er afbrigði af *skjálfbendum* hætti. Það segir sögu Ólafs Tryggvasonar trúboðskonungs og er lofkvæði með helgiblæ. Fjórðungur kvæðisins er um Svoldarorustu. Til viðbótar við REKSTEFJU eru aðeins til tvær lausavísur undir tvískelfdum hætti og má gera ráð fyrir að þær séu báðar gamanvísur, önnur þeirra er birt hér í fyrsta skipti sem tvískelfd vísa. Í HÁTTATALI og HÁTTALYKLI eru sýnidæmi um háttinn. Engar heimildir hafa varðveist um tilurð REKSTEFJU. Nafn háttarins og nafnið REKSTEFJA koma fram í kvæðinu sjálfu. Heitið tvískelft er einnig notað um háttinn

¹ Ég þakka Rannsóknasjóði HÍ fyrir stuðning við ritun þessarar greinar með styrk til doktorsnáms 2015. Ég þakka ritstjórn *Sónar* og tveimur ónefndum ritrýnum fyrir miklar og góðar athugasemdir.

í HÁTTATALI Snorra-Eddu og vísar til þess að í hverjum vísuhelmingi eru tvö skjálfhend vísuorð. Í REKSTEFJU er stef af sérstakri gerð og dregur hún nafn sitt af því (sjá Finn Jónsson 1892:34). Höfundur kvæðisins er kallaður Hallar-Steinn í handritum en ekkert er sagt um hann í heimildum nema að honum eru eignuð nokkur kvæðabrot. REKSTEFJA ávarpar hóp af konum en það er óvenjulegt í gömlu kvæði. Í kvæðinu eru aðalhendingar notaðar oftár en í öðrum kvæðum og á nokkrum stöðum virðast hendingar (rím) vera gallaðar. Reglur sem öll önnur dróttkvæði virða um setningaskipan eru brotnar í REKSTEFJU.

Mörg sérkenni í tvískelfdum hætti REKSTEFJU verða eðlilegri í ljósi þess að öll vísuorð í *frumlínum* (í línunum með ójöfnum númerum) eru skjálfhend. Til að útskýra þetta lýsi ég fyrst skjálfhendum vísuorðum og ég segi frá tveimur sagnareglum sem gilda í dróttkvæðum. Ég lýsi næst hvernig REKSTEFJA og einstakar vísur undir tvískelfdum hætti brjóta bæði þessar sagnareglur og reglur um rím samhljóða. Síðan lýsi ég stefinu í REKSTEFJU og rökstyð að sérstök gerð þess tengist hættinum með því að vega upp á móti afleiðingum sagnareglubrota. Eftir að hafa lýst öðrum kveðskap Hallar-Steins en REKSTEFJU og sagt frá Steini Herdísarsyni, sýni ég að ónákvæmni í rími aðalhendinga í REKSTEFJU er bundin við rím með ρ og ϱ og að þessi ónákvæmni bendi til málbreytinga á seinni hluta elleftu aldar.

Áður en ég hefst handa við ofantalið segi ég frá rannsóknnum á REKSTEFJU og útskýri af hverju spurningin um það hvort kvæðið fylgi réttum bragreglum hefur mikla þýðingu fyrir spurningar um aldur þess og höfund.

1. Hið undarlega kvæði

Jón Sigurðsson og Sveinbjörn Egilsson gáfu út fyrstu tvö bindin (I 1848; II 1852) í hinni miklu *Snorra-Eddu*-útgáfu Árnaneftar. Þar er rökstutt að Hallar-Steinn sé sami maður og Steinn Herdísarson sem orti fyrir Harald harðráða (dáinn 1066) og son hans Ólaf kyrra (dáiinn 1093). Finnur Jónsson bætti svo við þriðja bindinu 1887 og gagnrýndi þar þennan málfutning. Meginástæður þess að freistandi er að tengja saman Hallar-Stein og Stein Herdísarson er að ekki getur verið langt á milli þeirra í tíma og nafnið er hið sama. Mannsnafnið Steinn var ekki algengt, aðeins er vitað um sex eða sjö Íslendinga fædda milli 1000 og 1200 sem báru þetta nafn – þar á meðal er Steinn Herdísarson

(skv. *Íslendingabók* [vefur]). Til samanburðar eru um 70 með nafnið Þorsteinn og um 30 með nafnið Bjarni. Í mesta lagi geta verið um 150 ár á milli Steins og Hallar-Steins þar sem Snorri Sturluson vitnaði til Hallar-Steins um 1220 í Eddu sinni og líklegt er að áramunurinn sé minni þar sem hann vitnaði lítið til samtímaskálda (sjá greinargerð Guðrúnar Nordal 2001:77–79 um skáld í Skáldskaparmálum Snorra-Eddu). Fyrirfram mætti því búast við að aldrei yrði hægt að greina í sundur Stein og Hallar-Stein út frá málfarslegum einkennum á kveðskap þeirra og ef það yrði reynt myndu rökinn þykja vafasöm. Samt gerði Finnur Jónsson þetta og fjöldi fræðimanna hefur fallist á niðurstöðu hans.

Finnur lýsti rökum sínum nokkuð ítarlega á latínu í Eddu-útgáfunni (sjá Sveinbjörn Egilsson o.fl. 1848–1887 III:607–612) en áratugum síðar setti hann fram stutta samantekt sem er svohljóðandi:

Som bekendt har *Svb. Egilsson* i sin tid søgt at identificere denne Steinn med digteren Hallar-Steinn. Herimod taler dog bestemt flere grunde. Hallar-Steinn nævnes i kilderne aldrig Herdísarson. Hallar-Steins digt Rekstefja frembyder sprogformer og udtale (som ö = ó), der *aldrig* forekommer i Steins digte og, hvad der er af størst betydning, Hallar-Steinn bruger en sådan omskrivning som »*bogens sol*« = *sten* (»sten« betegner nemlig også 'farve', hvormed blandt andet bøger illumineredes); dette viser på det klareste, at Hallar-Steinn må være betydelig *yngr* end Steinn Herdísarson.

(Finnur Jónsson 1920:624)

Fyrsta röksemd Finns er að hvergi segi í heimildum að Hallar-Steinn sé Steinn Herdísarson en við því var ekki endilega að búast. Hinar röksemdirnar eru að kenningin *bókar sól* geti ekki verið frá elleftu öld og að í REKSTEFJU sé óvenjulegt rím sem beri vitni um orðmyndir og framburð á sérhljóðum (ö = ó) sem ekki þekkist hjá Steini. Ég kalla þetta ónákvæmt alrím. Ég ræði steinkenninguna fyrst. Það sem Finnur fann að henni var að samkvæmt henni þekkti skáldið og áheyrundur hans bækur. Finnur var líklega ekki að benda á hina tvíraðu notkun á orðinu *steinn* = *litur* en hana þekktu bæði Steinn Herdísarson og Hallar-Steinn, sbr. að báðir tala um *steinda knörru* (lituð eða máluð skip) í ÓLÁFSDRÁPU 13.2 og í REKSTEFJU 12.5 (allar vísanir í ÓLÁFSDRÁPU eru til útgáfu Kari Ellen Gade (2009) og vísanir í REKSTEFJU eru til útgáfu Rolf Stavnem (2012) nema annað sé tekið fram).

Frá tólftu öld er varðveitt að minnsta kosti eitt dæmi um orðið *bók* í kveðskap. Rögnvaldur Kali Orkneyjajarl segir að *bók* sé sér tíð í íþróttavísu sinni (lausavísa 1.4 í útgáfu Finns Jónssonar 1912–1915 BI:478) þar sem hann telur upp níu íþróttir sínar. Frá elleftu öld er dæmi eftir hirðskáldið Þórarinn sem ég lýsi nánar. Með orðinu hirðskáld á ég við skáld sem vitað er að flutti konungi kvæði.

Íslendingar og Norðmenn þekktu lítið til bóka á 11. öld en þá voru þær líklega ekki til á norrænu. Þó er vitað um eitt íslenskt hirðskáld sem notaði orðið *bók* í kenningu. Þórarinn loftunga notaði kenninguna *bóka mál* sem líklega merkir *latína* í GLÆLOGNSKVIÐU 9 sem hann orti fyrir Svein, son Knúts ríka Danakonung, sem Knútur hafði sett yfir Noreg (sbr. útgáfu Matthew Townend 2012:875). GLÆLOGNSKVIÐA var ort um 1032. Heimildir eru til um að Ólafur kyrri, sonur Haralds harðráða, hafi verið læs (Norseng 2016) og skáld sem flutti honum kvæði á seinni hluta 11. aldar ætti eins og Þórarinn að geta notað kenningu með orðinu *bók*. Kenningin *bókar sól* gerir það jafnvel líklegra að Hallar-Steinn sé sami maður og Steinn af því að ef hann var ekki hirðskáld þyrfti hann helst að vera talsvert yngri en Steinn og svigrúmið sem hann hefur til þess er lítið.

Finnur (1920:624) nefndi einnig undarlegt rím í REKSTEFJU (ö = ó) til sönnunar um að Hallar-Steinn væri ekki Steinn en í áðurnefndri Eddu-útgáfu nefndi hann fleiri atriði og ég tel nauðsynlegt að draga tvö þeirra fram, annað varðar sögnina að *sá* en hitt er skothenda rímið *-lds* : *-ll*. Ég kalla það ónákvæmt samhljóðarím. Konráð Gíslason (1895:289–290) hafði áður bent á þessi tvö atriði í fyrirlestrum sínum. Hin forna tvöföldunarsögn *sá* er í þátíð *sáði* í REKSTEFJU en ekki *seri* eða *søri* í línu 12.1 *Hafglóð hilmir sáði* (gulli konungur sáði). Konráð taldi að þessi orðmynd hefði tæplega verið til á 11. öld en engin önnur dæmi eru um hana heldur frá 12. öld eða frá um 1200. Didrik Arup Seip (1955:323) notaði vitnisburð REKSTEFJU sem gamalt dæmi um þátíðarorðmyndina *sáði*. Hana er ekki að finna í allra elstu ritmálstextum (Jóhannes Sigtryggsson 1996:12) sem eru frá um 1200 og Snorri Sturluson notaði þátíðina *søri* í vísu í HÁTTATALI (Faulkes 2007:37) frá um 1220.

Vísuhelmingurinn með þessu orði er þannig í nýrri útgáfu Rolf Stavnem (2012), línur 12.1–4:

Hafglóð hilmir sáði
 hjaldríkr ok gaf skjöldu
 — stétthrings stofnum veitti
 stikka — vöpn ok skikkjur.

Stavnem (2012:910) tók þetta saman þannig:

Hjaldrríkr hilmir sáði {hafglóð} ok gaf skjöldu, vöpn ok skikkjur; veitti {stofnum {stétthrings}} stikka.

Eftir að skipt er út kenningum er þetta: Hjaldrríkr hilmir sáði gulli ok gaf skjöldu, vöpn ok skikkjur; veitti hermönnum stikka. Síðasta setningin er án frumlags eða tengingar við fyrri setningar „veitti hermönnum stikka“ en gera þarf ráð fyrir að gerandinn (frumlagið) sé konungurinn (hilmir). Þó að þetta hljómi ekki óeðlilega í nútímamáli eru fá dæmi um slíka samnýtingu á frumlögum í fornum kvæðum (eða um að fella megi niður fornafn þriðju persónu). Ég veit ekki til að þetta hafi verið rannsakað en full þörf væri á því. Í sjötíu og einu erindi GEISLA (í útgáfu Finns Jónssonar 1912–1915 BI:427–445) hef ég ekki fundið neitt sambærilegt dæmi. Í REKSTEFJU sjálfri er slíkt dæmi í línu 9.4 *bað heiðin goð meida*, en þar hefur Stavnem fellt niður fornafnið *hann* (*bað hann heiðin goð meida*) sem Finnur Jónsson (1912–15 BI:527) gerði ekki í sinni útgáfu. Í útgáfu sinni á GEISLA felldi Martin Chase (2007:32) einnig niður fornafnið *hann* í línu 31.2. Af þeim tveimur ástæðum, sem ég hef hér nefnt (að þátíðarmyndin *sáði* sé fullsnemma á ferð í REKSTEFJU og að samnýting frumlaga í vísu 12 sé óvenjuleg), tel ég að efast megi um að vísan hafi verið túlkuð rétt en ég skilst hér við það vandamál óleyst hvort eða hvernig túlka megi hana öðruvísi.

Finnur nefndi eftirfarandi dæmi um undarlegt rím í REKSTEFJU (Sveinbjörn Egilsson o.fl. 1848–1887 III:611). Annað er um ónákvæmt samhljóðarím, eins og Konráð benti á, en hitt er um ónákvæmt alrím:

1. Í skothendingu rímar saman *–lds* og *–ll* í orðunum *tjalds* og *heilli* í 33.3 *byrtjalds* (*beztu heilli*).
2. *ó* og *ó* rímar saman í orðunum *hátt* (*hótt*) og *dróttir* í 8.2 (*hótt*) *norrænar dróttir* og sömuleiðis í orðunum *hóps* og *drápu* (*drópu*) í 35.4 *hóps tvískelfða drópu*.

Rímið í atriði 1 er óvenjulegt og annað dæmi er um það í REKSTEFJU (32.3 *eldvellis annan stilli*). Slíkt rím má finna í kveðskap frá 14. öld en aðeins örfá dæmi má finna frá 12. og 13. öld og ég ræði þau í kafla 3. Rímið í atriði 2 er það sem Finnur átti við þegar hann sagði hér að framan að í framburði Hallar-Steins væru *ö* og *ó* jafngild. Alrím (aðalendingar) með *ó* og *ó* kemur hvergi fyrir annars staðar í kveðskap nema í tengslum við málbreytingu á 11. öld sem ég ræði nánar í kafla 9. Finnur taldi þetta rím vera sérkenni á kveðskap Hallar-Steins en Rolf Stavnem

(2012:895-896) nefndi þann möguleika að frávikin í rími væru tengd ýmsum öðrum frávikum REKSTEFJU (sem hann taldi upp) og hann sagði að hinar miklu kröfur háttarins kynnu að eiga þar hlut að máli.² Sjá einnig nýrri umfjöllun Stavnem (2014:98) um REKSTEFJU þar sem hann telur gallað rím (*several flawed rhymes*) vera merki um lélega varðveislu í aðalhandriti (*affected by the transmission process*).

Óvenjuleg staðsetning sagna í aðalsetningum REKSTEFJU (*abnormal placement of finite verbs within main clauses*) var meðal þeirra frávika sem Stavnem nefndi. Með því vísaði hann í reglu sem Hans Kuhn (1933) setti fram um staðsetningu sagna í setningum sem REKSTEFJA virti ekki (sjá nánar kafla 2). Kuhn taldi að þessi regla tengdist setningagerð forn máls og hún ætti því ekki að vera breytileg eftir háttum. Ég ræði brot á sagna-reglum í REKSTEFJU og í tvískelfdum vísnum í næstu þremur köflum.

Kveðskapur Hallar-Steins hefur verið tímasettur með því að setja hann í bókmenntasögulegt samhengi og með því hefur ályktun Finns um hinn yngri Hallar-Stein verið styrkt. Jan de Vries (1964-1967 II:44) taldi kveðskapinn vera frá lokum 13. aldar eða yngri, vegna áhrifa frá trúbadúr-kveðskap. Það er umfjöllun Hallar-Steins um konu eða konur í kvæðabrotum sem varðveitt eru í Skáldskaparmálum Snorra-Eddu sem kallar fram þá niðurstöðu. Ég kalla þetta trúbadúr-einkenni. Þar sem Snorra-Edda er talin skrifuð í byrjun 13. aldar getur tímasetning de Vries ekki staðist nema gert sé ráð fyrir að tilvitnunum í kveðskap Hallar-Steins hafi verið bætt við síðar. Sveinbjörn Rafnsson (2005:187-188) notaði ávarp REKSTEFJU til kvenna sem röksemd fyrir því að REKSTEFJA hefði verið samin fyrir mannfagnaði á 14. öld á Íslandi. Til að það geti verið þarf REKSTEFJA að vera ranglega eignuð þeim Hallar-Steini sem Snorra-Edda þekkti. Eitt handrit (Flateyjarbók) eignar REKSTEFJU Markúsi Skeggjasyni (dáinn 1107) en það auðveldar ekki að skýra kvennaávarp

2 Orðrétt segir Stavnem (2012:895-896): „Traditionally *dróttkvætt* requires *skothending* ‘half rhyme’ in odd lines and *aðalbending* ‘full rhyme’ in even lines. However, in the present edition of *Rst* there are several occurrences of full rhyme in odd lines (sts 2/5, 3/3, 3/7, 4/1, 4/5, 5/5, 5/7, 6/5, 8/7, 9/1, 12/7, 16/5, 20/1, 21/1, 22/5, 22/7, 23/5, 23/7, 25/5, 27/1, 29/1, 30/3, 31/3, 32/5). On the other hand, some of the *aðalbendingar* in even lines may be inexact: *Óláf: stólum* (st. 3/8, see Note), *bótt: dróttir* (st. 8/2), *holtr: þllu* (st. 11/8, *stef*), *bóps: drópu* (st. 35/4), and *bending* is lacking in st. 35/2. A special case is of *aðalbendingar* of a : ǫ (long and short), which were permitted until at least the twelfth century (see Hreinn Benediktsson 1963; Kuhn 1983, 79) and occur in *Rst* in even lines where *aðalbending* is required, e.g. *hjaldr: skjöldu* (st. 12/2), *frár: órum* (st. 25/8). *Rst* contains relatively high proportions of inverted kennings and of abnormal placement of finite verbs within main clauses, and the distinctive and demanding metre may be the partial cause of these phenomena; further research would be needed to establish this.“

REKSTEFJU. Finnur Jónsson (1920:395) segir í bókmenntasögu sinni að almennt gildi að þegar heimildir eignu mönnum ranglega kvæði sé um að ræða samtímamenn en Finnur tók fram að víxlin á Markúsi og Hallar-Steini væru undantekning. Vegna þess að REKSTEFJA rímar saman orð með $\alpha : \alpha$ (tvö dæmi) og $\alpha : \alpha$ (tvö dæmi) en aldrei $\alpha : \alpha$ (þ.e. orð með α við annað orð með α) en þessi hljóð féllu saman á 13. öld, er af mál-sögulegum ástæðum erfitt að telja kvæðið til 14. aldar. Ekkert dæmi er í REKSTEFJU um rím hljóðanna $\theta : \rho$ sem féllu saman um 1200 og REKSTEFJA rímar saman $a : \rho$ (og $\acute{a} : \acute{\rho}$). Sjá kafla 9. Hér er alls staðar átt við alrím. Rolf Stavnem (2012:893) tók hvorki undir með de Vries né Sveinbirni og líkt og Finnur taldi hann kvæðið vera frá um 1200. Finnur Jónsson (1923:105) notaði kvennaávarpið sem röksemd fyrir því að kvæðið væri ekki samið fyrir tiltekinn höfðingja og hann flokkaði Hallar-Stein með skáldum á tólftu og þrettándu öld sem hefðu lofsungið fyrri tíðar menn og atburði. Dæmi Finns um slíkan kveðskap eru ekki mörg og sum þeirra má flokka sem lofkvæði, kveðin fyrir ættingja viðkomandi söguhetju þótt langt væri um liðið, til dæmis var GEISLI kveðinn fyrir erfingja Ólafs helga að konungdómi og NÓREGS KONUNGATAL var kveðið fyrir Jón Loftsson.

Eins og sést af ofantöldu hefur REKSTEFJA nokkur greinileg sérkenni sem öll eiga það sameiginlegt að vera hvorki dæmigerð fyrir kveðskap frá því um 1200 né fyrir ennþá eldri kveðskap. Þetta á við um trúbadúr-einkennin, ónákvæmt rím samhljóða, ónákvæmt alrím og brot á sagnareglum. Trúbadúr-einkennin má hugsanlega skýra með því að Hallar-Steinn hafi ávarpað raunverulegar og þekktar konur eins og ég ræði í kafla 8 en reglubrot í rími og brot á sagnareglum hljóta annaðhvort að vera sérkenni skáldsins eða sérkenni tvískelfds háttar. Ef þau eru sérkenni skáldsins er ólíklegt að skáldið sé Steinn Herdísarson.

2 Skjálflhendur háttur og reglur um sagnir í dróttkvæðum

Í næstu köflum sýni ég að flest sérkenni REKSTEFJU verða eðlilegri, þegar athugað er að hún var kveðin undir hætti sem er afbrigði af skjálflhendum hætti og að hátturinn hefur einkenni sem fara illa saman við reglur um staðsetningu sagna. Ég tel upp þessi sérkenni.

1. REKSTEFJA virðir ekki reglur um staðsetningu sagna í frumlínum.
2. Hún hefur aðalhendingar í frumlínum í um fjórðungi tilvika.
3. Hún hefur óvenjulegt stef.
4. Hún hefur dæmi um ónákvæmt samhljóðarím og ónákvæmt alrím.

Í tvískelfdum vísuhelmingum er fyrsta og þriðja vísuorð skjálfhent, sem býðir að allar frumlínur hafa skjálfhend vísuorð. Í skjálfhendum hætti er aðeins þriðja vísuorðið skjálfhent. Eftirfarandi er samantekt um skjálfhendan hátt (sjá ítarlega umfjöllun um háttinn, Þorgeir Sigurðsson 2014). Skjálfhend vísuorð eru af sérstakri gerð varðandi hrynjandi. Skáldin notuðu slík vísuorð til að tákna skjálfta, til dæmis vegna ótta eða kulda. Þessu er lýst í HÁTTATALI Snorra-Eddu í sögu af Þorvaldi veila (Faulkes 2007:18) og þetta sést á varðveittum vísum. Gott dæmi um það eru tvær skjálfhendar vísur sem Rögnvaldur jarl og Oddi litli ortu um mynd af ógnandi manni og sagt er frá í Orkneyinga sögu (Þorgeir Sigurðsson 2014:55–58). Í skjálfhendum vísuorðum eru alltaf stuðlar í fyrstu og þriðju atkvæðastöðu (*bragstöðu*) en það er venjulega til marks um að fyrsta og þriðja atkvæðið sé áhersluþungt en annað atkvæðið sé áherslulétt. Í skjálfhendum vísuorðum er hins vegar annað atkvæðið einnig áhersluþungt, stundum með rími (hendingu) en oftast með nafnorði eða lýsingarorði með þungu (löngu) atkvæði. Þetta skapar þrefaldan áherslutopp í upphafi vísuorðsins sem framkallar þann skjálfta sem hátturinn heitir líklega eftir.

Annað atriði sem er afbrigðilegt í elstu skjálfhendum (fyrir árið 1000) er að skáldin notuðu aðalhendingar í stað skothendinga í þriðja vísuorði. Þannig merktu þau skjálfhend vísuorð sem viljaverk (hvort sem það var meðvitað eða ekki). Ein bragvilla (að raða saman þremur þungum atkvæðum) gat orðið til fyrir mistök en tvær bragvillur sýna að um ásetning var að ræða. Snorri eða annar höfundur skýringanna í HÁTTATALI, virðist kalla skjálfhendur með aðalhendingum, *fornar skjálfhendur* (Faulkes 2007:59). Skjálfhend vísuorð hafa líklega fylgt dróttkvæðum frá upphafi. Fyrir árið 1000 má með nokkurri vissu finna fjögur skjálfhend vísuorð í tveimur kvæðum og einni lausavísu sem öll hafa aðalhendingar en heil kvæði sem notuðu þau reglulega voru ekki ort fyrr en í kringum árið 1000, samkvæmt frásögn í Snorra-Eddu af skjálfhendu kvæði Þorvalds veila. Skjálfhend drápa, KNÚTSDRÁPA eftir Hallvarð háreksblesa, var kveðin snemma á 11. öld fyrir hinn víðlenda Knút ríka, konung Englands, Danmerkur og Noregs. Kvæði Þorvalds veila er ekki varðveitt en í vísu HÁTTATALS sem Snorri sýndi sem dæmi um háttinn (*bin forna skjálfbenda*) eru aðalhendingar í báðum skjálfhendu vísuorðunum. Úr KNÚTSDRÁPU eru varðveitt níu skjálfhend vísuorð og eru fimm þeirra með aðalhendingum. Í sextán skjálfhendum vísuorðum PLÁCITUSDRÁPU frá 12. öld eru fjórar með aðalhendingum. Í REKSTEFJU eru 140 skjálfhend vísuorð og er um fjórðungur þeirra eða um 25% með aðalhendingum.

Til samanburðar eru um 8% vísuorða í frumlínum á 12. öld og fram á 13. öld með aðalhengingum og 13% á 11. öld samkvæmt athugun Klaus J. Myrvoll (2014:127) á stóru úrtaki dróttkvæðs kveðskapar (13 skáld frá hvoru tímabili).

Skjálfhend vísuorð voru ekki höfð sem fyrsta vísuorð í vísuhelmingi nema í tvískelfdum hætti þar sem fyrsta og þriðja vísuorð voru bæði skjálfhend, en því fylgja vandamál vegna reglna um sagnir. Vandinn felst í því að í skjálfhendum vísuorðum virðist vera leitast við að nota sem mest nafnorð og lýsingarorð en þetta stangast á við sagnareglur sem nú verður lýst.

Dróttkvæði voru með eindæmum flókinn kveðskapur með mörgum reglum sem skáldin þurftu að virða. Í þessari grein eru það einkum tvær reglur um staðsetningu sagna í vísuorðum sem eru til umfjöllunar. Málfræðingar hafa lengi vitað að um staðsetningu sagna í fornum kvæðum gilda ákveðnar reglur. Ég hef nýlega sett fram reglur um þetta í dróttkvæðum sem hafa þann kost að auðvelt er að beita þeim, en ég geri ekki kröfu um að þær nái til nema hluta af því sem sagt verður um sagnir (sjá nánar um reglurnar hjá Þorgeiri Sigurðssyni 2016). Í reglunum er notað hugtakið *bindiorð* (þýska: *Bindewort*) sem Hans Kuhn (1933) kynnti. Það orð er haft um smáorð sem tengir eina setningu við aðra og mætti kalla það setninga-samtengingu. Oft er bindiorðið samtenging, t.d. *en, ok, eða*. Orð í öðrum orðflokkum geta einnig tengt saman setningar, t.d. fornafnið *hver* (t.d. „Ég veit hver kemur á morgun“). Hans Kuhn kallaði þær setningar bundnar sem tengdust fyrri setningu með bindiorði. Kuhn (1933:58) notaði þetta hugtak til að lýsa reglu í kveðskap um að sagnir stæðu alltaf fram-arlega í óbundnum setningum en það væri ekki nauðsynlegt í þeim bundnu. Þessi regla er lík reglu um staðsetningu sagna í aðalsetningum og aukasetningum í þýsku (sjá nýlega umfjöllun og notkun Hauks Þorgeirssonar 2012 á þessari reglu Kuhn). Kuhn (1933:30 nmgr. 61) tók eftir því að reglan gilti ekki í tvískelfdum hætti (sjá einnig Kuhn 1983:334 um REKSTEFJU).

Hér skilgreini ég hugtakið *bundin sögn* sem umsögn (persónubeygð sögn) sem stendur aftan við bindiorð í sama vísuorði. Þetta hugtak notaði Kuhn ekki (hann miðaði reglu sína við setningar en ekki vísuorð) en notkun þess leiðir bæði til einföldunar og rétttrar niðurstöðu varðandi það hvar leyfilegt er að staðsetja sagnir í dróttkvæðum. Óbundin sögn er umsögn sem ekki stendur aftan við bindiorð í sama vísuorði. Dæmi um bundna sögn er sögnin *fellir* í dróttkvæða vísuorðinu: *en fullhugi fellir*

(eftir Sighvat, Finnur Jónsson 1912–1915 BI:251). Þetta er persónubeygð sögn (ég *félli*, þú *féllir*, hann *féllir*) sem er bundin af samtengingunni *en* sem stendur framan við hana.

Eftirfarandi tvær reglur giltu um staðsetningu sagna í dróttkvæðum:

Sagnastuðla-reglan (*verb-alliteration rule, VA-rule*): Óbundin sögn sem ekki stendur fremst í vísuorði getur ekki borið stuðul. Nóg er að leita að bindiorðum innan vísuorðsins til að ákveða hvort umsögn sé bundin.

Sagnavísna-reglan (*verb-stanza rule, VS-rule*): Sérhver vísuhelmingur hefur annaðhvort óbundna sögn í fyrsta vísuorði eða vísuhelmingurinn hefst á samtengingu sem tengir hann við vísuhelming á undan.

Þeir sem fást við útgáfu dróttkvæða kannast við að þessar reglur gildi. Fyrri regluna má sjá sem afleiðingu af því að sagnir í bundnum setningum hafa fremur áherslu en þær sem eru í óbundnum setningum (sjá Gade 1995:38), en hér er miðað við vísuorð en ekki setningar og engar undantekningar eru leyfðar. Seinni reglan nær að mestu yfir það sama og regla Kuhn um sagnir í bundnum og óbundnum setningum nema hér er aðeins miðað við fyrsta vísuorð. Reglurnar skýrast með dæmum í næsta kafla.

Í dróttkvæðum fram á 14. öld voru þessar reglur virtar. Frávik frá þeim voru nánast óþekkt nema í tvískelfdum hætti.

3 Tvískelfdur háttur í Háttatali, Háttalykli og Eyrbyggju

Eftirfarandi er vísa Snorra Sturlusonar í HÁTTATALI sem hann orti sem dæmi um tvískelfdan hátt ásamt texta sem fylgir vísunni: (eftir útgáfu Anthony Faulkes 2007:16) (orðið **skipreiða* er í ýmsum myndum í handritum og Faulkes bætti við sögninni <er>):

Þetta er tvískelft:

Vandbaugs veitti sendir
 vígrakkr – en gjöf þakkak
 skjaldbraks skylja mildum –
 *skipreiðu mér – heiða;
 fann næst fylkir unna
 fól dýr at gjöf stýri
 stálhreins; styrjar deilis
 stórlæti sá ek mæta.

Hér <er> í fyrsta ok þriðja vísuorði þat er háttum skiptir: hér standask hljóðfyllendr svá nær at ein samstafa er í milli þeira. Þeir gera skjálfhendur stuðlar ok er hinn fyrri upphaf vísuorðs, en hendingar standask sem first. En ef frumhending er í þeiri samstöfu er næst er hinni fyrstu, þá bregzk eigi skjálfhenda.

Hér reynir Snorri að lýsa skjálfhendum vísuorðum (fyrsta og þriðja vísuorði) án þess að nota málfræðileg hugtök eins og nafnorð eða löng (þung) atkvæði. Stuðlar eru alltaf í fyrstu og þriðju bragstöðu (atkvæðastöðu) en rím er í fyrstu eða annarri stöðu. Í sýnidæmi Snorra eru löng atkvæði í annarri stöðu í öllum frumlinum (oftast nafnorð) og stuðlar eru í fyrstu og þriðju stöðu. Samkvæmt lýsingu hans, mætti ætla að tvískelft væri eins konar „tvöföld skjálfhenda“ eins og Kristján Árnason (2006:98) orðaði það í umfjöllun sinni um HÁTTATAL (með tveimur skjálfhendum vísuorðum í víshelmingi í staðinn fyrir eitt). Þannig er þó ekki nóg að lýsa hættinum því að eins og kom fram í kaflanum á undan hefur hátturinn sérstök einkenni varðandi notkun sagna. Þetta sést á sýnidæmi Snorra Sturlusonar í fyrsta vísuorði, því að þar ber sögnin *veitti* stuðul: *Vandbaugs veitti sendir*. Þetta er brot á sagnastuðla-reglunni (VA-reglunni) þar sem sögnin er ekki bundin og hún stendur ekki fremst í línu. Í REKSTEFJU eru eftirfarandi dæmi um þetta reglubrot (þar sem ég hef feitletrað óbundnar umsagnir sem bera stuðul) eftir útgáfu Rolf Stavnem (2012). Númer vísu og vísuorðs standa fremst:

- 12.7 hildings **höfði** mildi.
- 14.5 Gyllt hlýr – **gnopðu** skoltar–
- 17.1 Grár reif (**gerðu** drífu)
- 19.3 gramr skaut; **gerðisk** rimmu
- 20.7 hans vörn **höfðisk** firnum.
- 21.5 ben lét – **þorðusk** ýtar–
- 30.1 Spell vann (**sparðit** stillir)
- 30.5 Goðvefr **gerðisk** jofri

Það er eftirtektarvert að reglubrotin eru ekki bundin við fyrsta vísuorð í víshelmingi (sbr. línur 12.7, 19.3 og 20.7). Það er einnig eftirtektarvert að reglubrotin eru ekki bundin við vísuorð sem hafa tvær setningar (í 17.1, 19.3, 21.5 og 30.1). VA-reglan er með þessum dæmum þverbrotin í REKSTEFJU.

Sýnidæmi HÁTTALYKILS er þannig (eftir útgáfu Finns Jónssonar 1912–1915 BI:508):

Magnús malma regni
 morðbráðan frá ráða,
 hyrbjóttr hauka strætis
 hjörskúrir vann gǫrvar;
 allnýtr Egða stillir
 ósjaldan rauð skjaldar
 snjallr fúr seggja dreyra,
 sveiti dreif á hneiti.

Hér eru skjálfhendir stuðlar eins og HÁTTATAL lýsti og löng nafnórða- og lýsingarórða-atkvæði eru í annarri bragstöðu í öllum frumlinum. Í vísuorðum númer 3 og 7 er rím í annarri stöðu. Í þessari vísu er ekki stuðull á neinni sögn og sagnastuðla-reglan er því virt en hins vegar er sagnavísna-reglan (VS-reglan) brotin því að hér er ekki nein sögn í vísuorðum númer 1 og 5 og ekki heldur neitt bindiorð (samtenning). Í því eina vísuorði sem varðveitt er af öðru sýnidæmi HÁTTALYKILS: *Glygg-Freyr Gǫndlar veggjar*, er ekki heldur nein sögn eða bindiorð. Þótt ekki sé meira varðveitt af þeirri vísu sést að hún virti ekki VS-regluna. Slíki brot á VS-reglunni leyfðust í tvískelfdum hætti eins og mörg dæmi eru um í REKSTEFJU. Ég tek fyrsta erindi hennar sem dæmi en þar eru engar sagnir og engin bindiorð í vísuorðum númer 1 og 5 (Rolf Stavnem 2012:897):

Hǫrs gnótt hrunda sléttum
 hljóðs kveðk mér at óði
 randhvéls rennu Þundi;
 Rekstefju tekk hefja.
 Skýrunn skjaldar linna
 skalk fríðum lof smíða,
 þing-Baldr Þróttar mildum,
 þeims fremstr varð beima.

Stavnem hefur gert mistök við frágang vísunnar, því að í síðasta vísuorði eru aðeins fimm atkvæði og hún hlýtur að eiga að vera: *þeim, es fremstr varð beima* (eins og hún er hjá Finni Jónssyni 1912–1915 BI:525).

Vísurnar í HÁTTALYKLI, HÁTTATALI og fyrsta erindi REKSTEFJU eru allar með skothendingum í frumlinum eins og venjulegt er í dróttkvæðum. Í REKSTEFJU er það hins vegar undantekning að vísa hafi ekki aðalhendingar í að minnsta kosti einu skjálfhendu vísuorði. Aðeins 9 erindi af 35 eru án slíkra aðalhendinga (miðað við skilgreiningu alríms í kafla 9), þar á meðal er fyrsta erindið.

Tvískelfd vísa í *Eyrbyggju* sem er eignuð Leikni berserki er þannig (eftir útgáfu Finns Jónssonar 1912–1915 BI:110):

Sól-Grund Siggjar linda,
sjaldan hefr of faldit
jafnhátt; oglis stéttar
elds nú 's skart á þellu;
hodd-Grund, hvat býr undir,
Hlín, oflæti þínu,
hýrmælt, hótí fleira,
hvítungs, an vér lítum.

Hér er langt atkvæði í nafnorði eða lýsingarorði í annarri bragstöðu í öllum frumlinum (*Grund*, *-hátt*, *-Grund*, *-mælt*) og stuðlar eru eins og í skjálfhendum. Rím er þessu til viðbótar í annarri bragstöðu í vísuorðum númer 1, 3 og 5 og í vísuorði númer 5 er aðalhending (*-grund* : *undir*). Þannig ætti að vera rækilega tryggt að það fari ekki fram hjá neinum að þessi vísa er tvískelfd og þar með leyfist henni að vera án sagnar í fyrsta vísuorði. Lausavísa getur ekki verið með bindiorð í fyrsta vísuorði, því að það bindiorð hefði ekkert til að tengjast við.

Finnur Jónsson prentaði þessa vísu með vísun frá 10. öld en þar á hún varla heima. Hún er svar við annarri dróttkvæðri vísu frá bróður Leiknis sem hét Halli og var einnig berserkur. Mér finnst ekki líklegt að þessir menn hafi verið skáld og talast við í bundnu máli. Líklegra er að einhver hafi ort báðar vísurnar fyrir þeirra hönd. Vísurnar eru varðveittar í *Eyrbyggju* sem talin er skrifuð á fyrri hluta 13. aldar. Handrit með broti úr *Eyrbyggju*, AM 162 E fol., er til frá um 1300.

Í fjórða vísuorði mynda orðin *elds* og *þellu* aðalhendingar. Rímið *-lds* : *-ll* er mjög óvenjulegt. Bernhard Kahle (1892:85) sem tók saman yfirlit um rím fornskálda, þekkti aðeins eitt dæmi um þetta rím og það var í REKSTEFJU 33.3 þar sem ríma saman í skothendingu orðin: *byrtjalds* og *heilli*. Annað dæmi er í útgáfu Stavnem (2012:934) í REKSTEFJU 32.3 *eldvellis annan stilli*. Finnur hafði *eldvellis annan stilli* í sinni útgáfu en texti hans er fjær texta handrits, þannig að REKSTEFJA virðist hafa tvö dæmi um umrætt rím (Finnur hefur líklega látið stafsetningu taka mið af ríminu). Á fjórtánda öld virðist vera auðvelt að finna dæmi um þetta rím, samanber að með orðinu *elds* (skrifað *ells*) eru að minnsta kosti fimm dæmi (sjá Finnur Jónsson 1912–1915 BII:370, 420, 423, 485 og 531).

Klaus J. Myrvoll (2014:69) birti í nýrri doktorsritgerð sinni greinargerð um rím í dróttkvæðum. Hann fann eitt dæmi um *-lds* : *-ll* rím frá

seinni hluta 12. aldar í lokaerindi HARMSÓLAR 65.6 og annað dæmi frá seinni hluta 13. aldar í LÍKNARBRAUT 25.4. Í báðum tilvikum ríma saman orðin *-tjalds* og *alla*. Myrvoll nefnir einnig bæði dæmin úr REKSTEFJU og eitt dæmi enn þar sem rímað er yfir orðaskil (*öld segir rímar við fellu*) frá um 1227 skv. Finni Jónssyni 1912–1915 BII:53).

Konráð Gíslason (1895:290) hefur líklega þekkt dæmið úr HARMSÓL því að hann sagði að rímið *-lds* : *-ll* þekktist fyrst um 1200. Mér þykja dæmin hins vegar ekki vera nógu mörg til að sýna að þetta rím hafi þótt vera gott um 1200 (eitt dæmi frá 12. öld og tvö frá 13. öld til viðbótar við tvö dæmi í REKSTEFJU og eitt í vísu Leiknis frá óvissum tíma). Ástæðan fyrir því að þrjú af sex dæmum um þetta rím koma fyrir í tvískelfdum kveðskap gæti verið að þar hafi menn fremur en annars staðar leyft sér að nota rím sem var á mörkum þess að vera rangt, hugsanlega vegna hins erfiða háttar.

Vísu Halla berserks gæti verið eftir sama mann og orti fyrir Leikni. Vísu Halla er hefðbundin en þó er á henni það braglýti að rím virðist vanta í fyrstu línu (Finnur Jónsson 1912–1915 BI:110): *Hvert hafíð, Gerðr, of gørvva*. Hér mætti láta sér detta í hug að orðin *hvert* og *gørvva* rímuðu með vísan til orðhlutaskila þannig: *hver-t* og *gør-va*. Slíkt rím er alvanalegt varðandi seinna orðið *gørvva* en orðhlutaskil á undan beygingarendingunni *-t* eru hins vegar sjaldan virt í rími dróttkvæða og rím með *-r* : *-rt* fyrirfinnst varla. Ég ræði þetta nánar í næsta kafla þar sem ég kynni tvískelfda vísu sem hefur þetta rím.

Háttur vísunnar segir að Leiknir hafi skolfíð um leið og hann undraðist hvað bjó undir hjá konunni sem bróður hans hafði verið heitið en skömmu síðar drap faðir hennar þá báða. Enginn nútímalesandi Eyrbyggju tekur eftir skjálftanum í vísu Leiknis og engar skýringar fylgja henni í sögunni sem segja frá honum. Þegar sagan var skrifuð var sennilega gert ráð fyrir því að lesendur könnuðust við háttinn og vísan hefur líklega þótt vera skemmtileg. Þess vegna mætti búast við því að þetta væri ekki eina sagan með álíka lausavísu og sú er raunin. Til er önnur tvískelfd lausavísa en hún er á ólíklegum stað, í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar.

4 *Draumvísa Egils og staðamál hin síðari*

Eftirfarandi frásögn er í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar (1954:411–412):

Þá virðugligur herra Árni biskup Þorláksson stýrði staðnum í Skálholt holti dreymdi eina konu í Borg í Borgarfirði að henni þótti sem hún

gengi út undir vegg þar heima á bænum. Og sem hún hafði staðið þar um hrið kom til hennar einn ungur maður mikill vexti og nokkuð vasmikill og mælti til hennar: „Þú skalt fara með mér.“ „Nei,“ segir hún. „Fyrir víst skaltu fara,“ sagði hann og tekur í hönd henni, en hún lætur leiðast eftir þar til er þau koma að hóli einum að því er henni sýndist. Henni þykir sem hóll sá opnaðist fyrir þeim. Þar leiðir hann hana inn. Því næst komu þau inn í eina stofu vel búna. Þar var inni fjöldi manna. Þar sér hún sitja mann í öndvegi, meiri á vöxt en aðra er þar voru. Og er þau komu inn lætur sá maður hana lausa er hana leiddi þangað. Hún keikist niður við dyrnar og er mjög óttafengin; hún þegir enda mælir engi við hana. Sá hinn ungi maður er hana hafði leitt gengur fyrir hinn mikla mann er í öndvegi sat og henni þótti sem vera mundi yfirmaður allra þeirra og mælti so: „Hví eru þér, faðir minn, so hljóðir og hafid ekki til gamans?“ Hann svarar: „Mér er ekki um læðu þá sem liggur við dyrnar.“ Ungi maður mælti: „Ekki mein mun yður að henni verða, faðir minn, en allir biða þess er þér hafid nokkuð til gamans.“ Hann kvað þá vísu þessa:

„Þykkt blóð, þreytast rekkar,
þjóð mörg vos öld bjóða,
grand heitt, gumnar andast,
glatast auður, firrast snauðir;
hætt grand hræðast dróttir,
hrið mörg, vesöld kvíða,
angur vært, ærnar skerur,
illur sveimur nú er í heimi.“

Eftir þetta tekur ungi maður í hönd henni og leiðir hana út aftur úr hólnum og þangað sem þau fundust. Varð hún ekki fleira vís því hún þorði einkis að spyrja. Hún vaknaði og mundi vísuna.

Kona þessi var að langfeðgatali af ætt Egils Skallagrímssonar. Vísu þessi var rituð til bróður Árna Illugasonar sem þá var haldinn vísasti maður og bezta skáld. Hann kvað vísuna fyrir Árna biskupi Þorlákssyni og kvaðst kenna skáldskaparhátt Egils á vísunni. Gjörðu þeir sér af gaman og kenndu Egli vísuna, en þetta var í þann tíma er þeir Hrafn Oddsson og Loðinn ónáðuðu Árna biskup um staðamál og heilagra kirkna rétt sem hans saga vottar.

Þessi frásögn var nýlega prentuð í viðauka við sögu Árna biskups Þorlákssonar eftir öðru álíka ungu handriti sem er að mestu samhljóða. Þar er gerð nokkur grein fyrir heimildum um þessa frásögn og fyrri útgáfum (Guðrún Ása Grímsdóttir 1998:211–212). Elsta heimildin er

frá 17. öld. Textinn í safni Jóns Árnasonar var skrifaður af Jóni lærða Guðmundssyni um 1644 en hann sagði bókina, sem hann skrifaði úr, hafa innihaldið fleiri frásagnir (sjá Einar G. Pétursson 1998:376).

Frásögnin vísar til staðamála hinna síðari sem tekist var á um undir lok 13. aldar. Það er mikill fengur að vísunni. Hún sýnir að menn skemmtu sér yfir tvískelfdum vísu og hún sýnir viðhorf kirkjunnar manna til Egils. Hrafn Oddsson varð hirðstjóri yfir öllu Íslandi 1279 og var af ætt Egils Skallagrímssonar. Fleiri veraldlegir höfðingjar voru af ætt Egils á Sturlungaöld svo sem Sturla Þórðarson lögmaður sem kunnugt er. Þeir sem fyrstir sögðu þessa sögu hafa gert ráð fyrir að allir vissu að höfðingjar sem deildu við kirkjuvaldið um forræði yfir kirkjum og hlutdeild í tíundargjaldi væru afkomendur Egils og það hefur þótt skemmtilegt að Egill óttaðist fátækt vegna þess hvernig þeim málum lyktaði. Þeir hafa sömuleiðis gert ráð fyrir að allir þekktu háttinn á vísunni, og tækju eftir því að Egill skalf af geðshræringu.

Tvískelfdur háttur var tæplega til á dögum Egils en vísan gæti verið frá lokum 13. aldar eins og sagan segir. Frá 13. öld er til önnur frásögn af draumvísu eftir Egil í *Sturlungu* (Guðbrandur Vigfússon 1878:211) sem annan afkomanda Egils dreymdi (um 1205). Egill birtist í draumi og varaði við að Snorri Sturluson (afkomandi hans) flytti frá Borg og kvað vísu sem er þannig eftir útgáfu Finns Jónssonar (1912–1915 BII:147):

Seggr sparir sverði at hoggva,
snæhvítt er blóð líta,
skæröld gótum skýra,
skarpr brandr fekk mér landa,
skarpr brandr fekk mér landa.

Þessi vísa er hefðbundin fyrir utan hina draugalegu endurtekningu.

Draumvísa Egils um fátæktina hefur þau megineinkenni tvískelfds háttar að hafa skjálfhend vísuorð í öllum frumlínnum. Fyrstu þrjú atkvæði í þessum línnum eru áhersluþung. Fyrsta og þriðja atkvæðið ber stuðul en annað atkvæðið er alls staðar nafnorð eða lýsingarorð með löngu atkvæði (*blóð, heitt, grand, vært*). Vísan hefur brenglast í uppskriftum og hugsanlega er ekki mögulegt að fá hana rétta. Hér fyrir neðan hef ég skrifað miðmyndarendinguna *-sk* í stað *-st* og sérhljóð eins og venja er. Ég hef skrifað *-r* í stað *-ur*, þar sem það á við, *vesplð* fyrir *vos öld* í línu tvö (það væru of mörg þung atkvæði í línunni ef hér stæði *vás öld*) og ég hef skrifað *skærur* í stað *skerur* til að fá langt atkvæði og merkingu í orðið, en það orð er einnig notað í hinni

draumvísu Egils (í *skæröld*). Ég sé ekki að hægt sé að taka vísuna saman í eðlilegra mál og ekki er víst að höfundur hafi ætlast til að það væri gert.

Dykktt blóð, þreytask rekkar,
þjóð mörq vesöld bjóða,
grand heitt, gumnar andask,
glatask auðr, firrask snauðir,
hætt grand hræðask dróttir,
hrið mörq, vesöld kvíða,
angr vært, ærnar skærur,
illr sveimr nú er í heimi.

Í öllum vísuorðum eru sex atkvæði eins og vera ber nema í því fjórða og áttunda. Það er einkenni á skjálfhendum vísuorðum að aldrei eru klofin atkvæði í fyrstu þremur bragstöðum þeirra (það myndi líklega spilla hinum þrefalda áherslutoppi) en í síðlínunum mega atkvæði vera klofin. Í fjórða vísuorði þessarar vísu ber að taka saman *glatask* í eina áhersluþunga klofna bragstöðu og í því áttunda má taka saman *nú er* í eina léttu bragstöðu. Þar stendur *illr sveimr nú er í heimi* sem er brot á reglu Kuhn um að sögn í óbundinni setningu standi alltaf í fyrstu eða annarri stöðu setningar (V₂-regla). Þetta mætti leiðrétta með breyttri orðaröð en af því að þessi sagnaregla er iðulega brotin í hættinum er það varla réttlætlanlegt hér.

Sagnirnar *þreytask* í fyrstu línu og *hræðask* í fimmtu línu bera stuðla, sem er brot á sagnastuðla-reglu dróttkvæða (brot á VA-reglu) en leyfðist í tvískelfdum hætti eins og sést á sýnidæmi Snorra í HÁTTATALI fyrir tvískelfdan hátt og þessi vísa staðfestir. Annað vægt reglubrot er að í þriðja vísuorði eru aðalhendingar, eins og oft er í frumlínunum REKSTEFJU og dæmi er um í vísu Leiknis berserks. Löngu sérhljóðin *æ* og *æ* byrjuðu að falla saman um miðja 13. öld (Stefán Karlsson 2000:23–24) og þess vegna gætu einnig verið aðalhendingar í vísuorði númer sjö, í orðunum *vært* og *skærur*. Ekki kemur til mála að orðin *ærnar* og *skærur* myndi rím, vegna reglu sem ég hef kallað milliregluna og er ættuð frá Hans Kuhn (sjá Þorgeir Sigurðsson 2010 og Gade 1995:21 og 52–54 um *Law of Caesura*).

Rímorðin *þykkt* : *rekkar* og *vært* : *skærur* eru einstök í rími dróttkvæða (–*kkt* rímar aðeins við –*kkt* eða –*kt* og –*rt* rímar aðeins við –*rrt* eða –*rt*). Til að rímið sé gott þyrfti að virða orðhlutaskil á undan –*t* í orðunum *þykk-t* og *vær-t* en það virðist ekki hafa verið gert í dróttkvæðum fyrr

en á 14. öld (sbr. MARÍUDRÁPU 40.2 *dýrt skrin himinstýris frá um 1400*, Attwood 2007:511–512).

Hér er alls staðar um að ræða hvorugkynsendinguna *-t*. Myrvoll (2014:66) fann aðeins tvö dæmi um að sú ending tæki ekki þátt í rími dróttkvæða. Í báðum tilvikum var það í ríminu *-nnt* : *-nn*. Annað dæmið er eftir Kormák í lausavísu 60.3 *fátt kant, í mun manni* en hitt er eftir Óttar í KNÚTSDRÁPU 2.7 *kunt gerðir þú þannig* (Finnur Jónsson 1912–1915 BI:83 og 273). Kormákur var uppi á tíundu öld en Óttar á þeirri elleftu.

Sem áður segir, tóku þeir Finnur og Konráð eftir ríminu *tjalds* : *heilli* en það rím (*-lds* : *-ll*) kemur tvisvar fyrir í REKSTEFJU og er í vísu Leiknis. Eitt dæmi enn er um ónákvæmt samhljóðarím í REKSTEFJU 22.3 — *stýrr þreifsk — stærri aska*, þar sem samhljóðaklasinn *-fsk* rímar við *-sk*. Þetta rím kemur ekki annars staðar fyrir. Myrvoll (2014:181) taldi rímið vera *stýrr* : *stærri* sem væri ekki síður óvenjulegt rím vegna staðsetningar rím- atkvæðanna. Miðmyndarendingin *-sk* er sjaldan rímbundin (á 11., 12. og 13. öld). Haukur Þorgeirsson (2013:90) fann hana ekki í kvæðum frá 14. öld (enda þá líklega orðin *-st*). Eftirfarandi er yfirlit um ónákvæmt samhljóðarím í kveðskap undir tvískelfdum hætti, rímorðin eru feitletruð:

REKSTEFJA

22.3 – stýrr þreifsk – stærri
aska

32.3 eldvellids annan stilli

33.3 byrtjalds (beztu heilli)

Leiknir

1.3 elds nú 's skart á þellu;

Draumvísa

1.1 Þykkt blóð, þreytask

rekkar,

1.7 angr vært, oernar skæur,

Rím af þessu tagi kemur örsjaldan fyrir á 10., 11., 12. og 13. öld. Rímið *-rt* : *-r* kemur fyrir í vísu Halla berserks, bróður Leiknis (sjá kafla 3).

Dæmin eru svo fá að erfitt er að draga af þeim ályktanir en þó virðist vera líklegt að samhljóðarím sem var á mörkum þess að vera rétt hafi fylgt tvískelfdum hætti.

5 Samantekt um reglubrot í tvískelfdum hætti

Dæmasafnið um tvískelfdan hátt er lítið en vegna þess að það inniheldur nokkuð áreiðanleg sýnidæmi HÁTTATALS og HÁTTALYKILS má staðfesta að brot á VA-reglunni og á VS-reglunni voru hluti af hættinum, sbr. umfjöllunina í tveimur fyrri köflum, en ég tek niðurstöðurnar saman í eftirfarandi töflu:

	REKSTEFJA	HÁTTALYK.	HÁTTATAL	Leiknir	<i>Draumvísa</i>
Aðalhendingar	reglubrot	virt	virt	reglubrot	reglubrot
Samhljóðarím	reglubrot	virt	virt	reglubrot	reglubrot
VA-regla	reglubrot	virt	reglubrot	virt	reglubrot
VS-regla	reglubrot	reglubrot	virt	reglubrot	virt

Í tvískelfdum hætti má segja að brot á VS-reglu séu eðlileg vegna skjálfhendra vísuorða og það á einnig við um VA-reglu. Í REKSTEFJU, vísu Leiknis og draumvísunni eru aðalhendingar í einstöku skjálfhendum vísuorðum. Það er vægt reglubrot sem líta má á sem arf frá skjálfhendum hætti en í reglulega kvæðnum skjálfhendum og tvískelfdum kvæðum er í raun ekki þörf á að merkja skjálfhend vísuorð með aðalhendingum. Í sýnidæmum HÁTTATALS og HÁTTALYKILS eru hvorki dæmi um afbrigðilegt rím né um aðalhendingar í frumlínum (í skjálfhendum). Það hefði verið ólíkt Snorra í HÁTTATALI að hafa ýmist aðalhendingar eða skothendingar í frumlínum því að Snorri hafði mikla tilhneigingu til að auka reglufestu í dæmum sínum frá því sem var í eldri kvæðum (sjá Faulkes 2007:77). Í samræmi við þetta hafði hann í sýnidæmi sínu um tvískelfdan hátt bæði fasta hrynjandi í frumlínum og í síðlínum. Í frumlínum var skjálfhend hrynjandi en í síðlínum hafði hann alls staðar hrynjandi af gerð E í kerfi Sievers (sjá gerðir Sievers hjá Fulk 2016:258). Enn fremur hafði hann alltaf hendingar á sama stað, bæði í frumlínum og síðlínum (í fyrstu bragstöðu í frumlínum og í annarri bragstöðu í síðlínum).

Vegna þess að VS-reglan og VA-reglan eru báðar óvirkar í REKSTEFJU mætti láta sér detta í hug að í kvæðinu hafi verið slakað á öllum reglum um staðsetningu sagna. Það er hins vegar ekki rétt í síðlínum kvæðisins. Til að sýna það nota ég reglu í dróttkvæðum sem ég kalla *sagnabrun-regluna* (VR-regluna, *Verb-rhythm rule*, sjá Þorgeir Sigurðsson 2016). Samkvæmt henni er aldrei óbundin sögn í fjórðu eða fimmtu bragstöðu í vísuorði sem hefur trókaíska hrynjandi (af gerð A í kerfi Sievers) nema önnur sögn standi frammar í línunni. Þessi regla er virt í öllum dæmum um tvískelft.

Eftirfarandi eru dæmi um umsagnir í fjórðu og fimmtu bragstöðu í fyrstu fimm erindum REKSTEFJU (hér er farið eftir útgáfu Stavnefs (2012) nema í 1.8). Ég útskýri af hverju þessar umsagnir brjóta ekki VR-regluna. Ég tek ekki dæmi úr vísuorðum með ójöfnum númerum af því að í þeim er hrynjandi alltaf sú sem er í skjálfhendum (þ.e. ekki trókaíska af A gerð) og reglan er þar af leiðandi aldrei brotin í þeim (umsagnirnar eru feitletraðar):

<i>Vísuorð</i>	<i>Ástæða</i>
1.4 Rekstefju tekk hefja	Hrynjandi er ekki trúkaísk
1.8 þeim es fremstr varð beima	varð er bundin sögn
2.4 vann , sás hæst gekk manna	Gekk er bundin sögn (og sögn númer tvö)
2.6 brátt réd þeim, es átti	átti er bundin sögn (og sögn númer tvö)
3.6 verfólkum lét herjat	Hrynjandi er ekki trúkaísk
3.8 Óláfr, ok klauf stóllum.	klauf er bundin sögn og hrynj. ekki trúkaísk
4.2 fríðr þengill lét síðan	Hrynjandi er ekki trúkaísk
4.8 aldrspelli frák valda	Hrynjandi er ekki trúkaísk
5.2 óttlaust ok nam brjóta	nam er bundin sögn og hrynj. ekki trúkaísk
5.4 vestr hernað rak mestan	Hrynjandi er ekki trúkaísk
5.6 hljómváltandi knátti	Hrynjandi er ekki trúkaísk

Af þessum dæmum sést (úr aðeins fimm vísuðum af 35) að talsvert reynir á sagnahrun-regluna (VR-regluna) í REKSTEFJU. Ekkert greinilegt reglubrot er í þeim 30 vísuðum sem eftir eru. Oftast er það vegna þess að hrynjandi er ekki trúkaísk.

REKSTEFJA er aðeins varðveitt í handritum frá því eftir 1350. Tíu vísuðum af 35 eru aðeins varðveittar í einu handriti. Í 280 vísuorðum REKSTEFJU vantar aðeins einu sinni rím, í línu 35.2. Sú lína er í vísufjórðungi þar sem skjálfhenda vísuorðið er með beygingarendingu í annarri bragstöðu (og getur þess vegna ekki borið þunga áherslu) sem er alvarlegur galli í þessu kvæði. Þrjú dæmi til viðbótar eru um þetta í línunum 7.5, 11.7 og 23.7. Í öll fjögur skiptin er aðeins eitt handrit til frásagnar. Rím í REKSTEFJU hvað varðar samhljóð er reglulegt, ef frá eru talin þau þrjú afbrigðilegu rím-pör sem ég hef áður rætt. Í tveimur vísuorðum í síðlínunum REKSTEFJU eru mislöng sérhljóð í aðalhendingum en álika rím-gallar koma fyrir í öðrum kveðskap (sjá Myrvoll 2014:89–93) og ég ræði þessar línur ekki frekar. Þetta eru línurnar 15.4 (*brýnn*) *ór Þrándheims mynni* og 29.4 *Skoglar borðs in fjorðu*. Rím í REKSTEFJU með *o* og *ó* er einstakt og það ræði ég nánar í kafla 9.

REKSTEFJA vikur frá hefðbundnum venjum dróttkvæða varðandi staðsetningu sagna í frumlínunum og í rími á nokkrum stöðum en þrátt fyrir það er hún vandað kvæði. Stavnem (2012:894) segir um skáldið sem orti REKSTEFJU að það hafi verið metnaðargjarnt, hæfileikaríkt og greinilega kunnugt venjum dróttkvæða og helgisagna.³

3 Orðrétt segir Stavnem (2014:894): „The poet is technically ambitious, highly accomplished (although viewed as emotionally cold by de Vries, 1964–7, II, 43), and was clearly familiar with both skaldic and hagiographic conventions.“

6 Stef og erindaskipting í Rekstefju

Skjálfhendir hættir hafa sérstök tengsl við stef og erindaskiptingar í dróttkvæðum sem ég lýsi nú. Lausavísur og erindi í dróttkvæðum eru venjulega mynduð úr tveimur víshelmingum sem eru „sér um mál“, sem þýðir að setningafræðilega mynda hvort helmingurn eina sjálfstæða heild. Í þeim er að minnsta kosti ein sögn og víshelmingur inniheldur alltaf bæði upphaf og lok hverrar setningar. Fyrsta vísuorð í byrjun víshelmings (máls) verður að hafa sögn nema ef víshelmingurinn (málið) er framhald annars víshelmings (máls), þá skal vera samtenging (bindiorð) í upphafi víshelmings (málsins) sem gefur það til kynna og tengir víshelminga saman. Þetta er sagnavísna-reglan (VS-reglan) sem ég kynnti í öðrum kafla. VS-reglunni er ekki lýst berum orðum í HÁTTATALI en mörg dæmi Snorra eru eins og nánari útlistun á henni, t.d. vísur sem skiptast í átta og sextán mál og í hættinum *tiltekið* leyfir Snorri að bindiorð sé í næstfyrstu bragstöðu í seinni víshelmingi (Faulkes 2007:19–20). Hans Kuhn tengdi VS-regluna við setningagerð forn máls en ég tel hana, að minnsta kosti öðrum þræði, vera í fornum kvæðum til að gera erindaskil greinilegri.

Í sumum dróttkvæðum er stef eða innskotstexti sem afmarkar vísur eða víshelminga. Í stefinu eða innskotstextanum er „annað mál“ en það sem er meginefni vísu eða víshelmings. Þessu er lýst óbeint í HÁTTATALI með nokkrum dæmum. Í hættinum *hjástælt* (Faulkes 2007:10) er t.d. notað „fornt minni“ í lokalinu víshelmings, sbr. eftirfarandi dæmi úr SIGURDARDRÁPU eftir Kormák (Finnur Jónsson 1912–1915 BI:69–70) þar sem ég hef skáletrað innskotstextann:

Hafit maðr ask né eskis
 afspring með sér þingat
 fésæranda at fœra
 fats; *veltu goð Þjatsa*;
 hver myni vés við valdi
 vægi kind of bægjask;
 því fúr-Rognir fagnar
 fens; *vá Gramr til menja*.

Hér eru *veltu goð Þjatsa* og *vá Gramr til menja* forn minni sem hafa sams konar hlutverk og stef og skipta kvæðinu í hluta.

Lausavísa Kormáks nr. 37 er líklega elsta varðveitta dæmið um að skjálfhent vísuorð sé notað í tveimur víshelmingum (Finnur Jónsson 1912–1915 BI:78). Skjálfhendu vísuorðin eru skáletruð hér:

Brim gnýr, brattir hamrar
blálands Haka standa,
alt gjalfr eyja þjalfa
út líðr í stað, víðis;
mér kveðk heldr of Hildi
hrannbliks, an þér, miklu
svefnfátt; sörva Gefnar
sakna mank, es ek vakna.

Augljóslega væri hægt að yrkja heil kvæði þar sem skjálfhend vísuorð leystu innskotslínu af hólmi og það hefur Þorvaldur veili líklega gert í kvæði sínu sem Snorri sagði að hefði kallast DRÁPAN STEFLAUSA (Faulkes, 2007:18). Sú drápa er ekki varðveitt en Snorri segir að með henni hafi Veili (Þorvaldur veili) fundið skjálfhendan hátt (skömmu fyrir 1000).

Á meðan segja má að skjálfhend kvæði hafi haft innbyggða erindaskiptingu varð hefðbundin erindaskipting óglögg í tvískelfdum hætti. Það er ekki tilviljun að í hefðbundnum skjálfhendum kvæðum og vísu var skjálfhenda vísuorðið í þriðju línu víshelmings en ekki í fyrstu línu. Af varðveittum dæmum má draga þá ályktun að í skjálfhendum vísuorðum hafi nafnorð og lýsingarorð haft forgang umfram orð í öðrum orðflokkum. Ef skjálfhent vísuorð er haft í byrjun víshelmings er augljóslega erfitt að koma þar fyrir sögnum eða samtengingum og virða VS-regluna (og sömuleiðis er erfitt að virða VA-regluna). Ef enginn munur er gerður á fyrstu línu og öðrum línunum með sögn (eða samtengingu) er hætt við að kvæði fái yfirbragð þulu, þótt enn sé hægt að hafa eitt mál í víshelmingi. Höfundur REKSTEFJU notaði klofastef til að skipta kvæði sínu greinilega í erindi. Klofastefi er skipt á milli vísna (það er klofið) þannig að í lok einnar vísu er eitt vísuorð en í annarri vísu kemur framhalds-vísuorð. Nokkur dæmi um klofastef eru varðveitt. Steinn Herdísarson orti kvæði um Ólaf kyrra með klofastefi sem er líkt klofastefinu í REKSTEFJU. Stúfur skáld, frændi hans (sjá kafla 8), notaði klofastef í kvæði um Harald harðráða. Nokkru fyrr eru dæmi um klofastef í HÚSDRÁPU, HÁKONARDRÁPU Hallfreðar og BANDADRÁPU (Finnur Jónsson 1892:34–35). Klofastef REKSTEFJU samanstendur af eftirfarandi þremur línunum sem eru endurteknar fimm sinnum í lok fimmtán erinda:

Hann vas ríkstr konungmanna.
Óláfr und veg sólar.
Hollr ok fremstr at öllu.

Eina kvæðið sem varðveitt er í heilu lagi og er með klofastefi er REKSTEFJA en af því sem varðveitt er af öðrum kvæðum (sérstaklega ÓLÁFSDRÁPU Steins og BANDADRÁPU) virðist mega ráða að klofastefið hafi ekki verið í öllum vísum í miðhluta kvæðanna. REKSTEFJA er hugsanlega sérstök að því leyti að hvert einasta erindi í miðhlutanum hafði visuorð úr stefinu. Nafnið, REKSTEFJA hefur ekki verið skýrt en Hallar-Steinn virðist hafa talið að stefið væri mikilvægur hluti kvæðisins úr því að hann nefndi kvæðið eftir stefinu.

Ég hef hér lýst tvískelfdum hætti sem ófullkomnum hætti að því leyti að hann þurfti sérstakt stef eða önnur úrræði til að kvæði undir honum yrðu ekki að þulu. Þannig má segja að hátturinn hafi kallað á klofastefið í REKSTEFJU þótt það sé ekki beinlínis hluti af hættinum. Af formlegum sérkennum REKSTEFJU á ég nú aðeins eftir að gera grein fyrir hinu ónákvæma alrími (aðalhendingum) í síðlínunum hennar en fyrst segi ég frá Hallar-Steini.

7 *Annar kveðskapur Hallar-Steins*

Í handritum er höfundur REKSTEFJU sagður vera Hallar-Steinn sem ekkert er vitað um með vissu annað en að honum eru sömuleiðis eignuð sex vísubrot í handritum Snorra-Eddu og í rímum um Skáld-Helga er vitnað í kveðskap eftir hann. Rímurnar eru ortar eftir glataðri Íslendingasögu um Skáld-Helga Þórðarson, sem varð lögmaður Grænlinga á 11. öld. REKSTEFJA var nær örugglega ort áður en Heimskringla var skrifuð en Snorri vitnar ekki til hennar, hugsanlega vegna þess að hún var ekki samtímakveðskapur. Í einu handrita Heimskringlu, Frísbók, er Hallar-Steini engu að síður eignuð ein vísa sem gæti verið upphaf hefðbundins kvæðis um Ólaf Tryggvason (Diana Whaley 2012:939). Í Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu, sem er er talsvert yngri en Heimskringla, er mikið vitnað til REKSTEFJU og kvæðið er varðveitt í tengslum við handrit hennar. Í Skáldskaparmálum Snorra-Eddu vitnaði Snorri til einnar kenningar eftir Stein Herdísarson um himin en hann tók kveðskap Hallar-Steins til vitnis um þrjár kvenkenningar. Í Skáldatali er nafn Steins Herdísarsonar en Hallar-Steins er ekki getið. Samkvæmt því hefur Hallar-Steinn ekki ort lofkvæði um þá höfðingja sem þar eru nefndir. Í síðari viðbótum við Skáldskaparmál Snorra-Eddu er vitnað í þrjár kenningar eftir Hallar-Stein þar sem alls staðar kemur fyrir nafn hans, þ.e. steinn (*hólmlæggur, foldar hnegg, bókar sól*).

Samtals eru varðveitt þrjátíu vísuorð eftir Hallar-Stein í kveðskap öðrum en í REKSTEFJU. Í engu vísuorði er að finna óvenjulegt rím eins og er í REKSTEFJU, en það gæti verið tilviljun. Allur er þessi kveðskapur undir hefðbundnum dróttkvæðum hætti nema eftirfarandi vísuhelmingur sem er líklega skjálfhendur (Finnur Jónsson 1912–1915 BI:535):

Flaug, en firna bjúgir,
foldar hnegg at seggjum,
fjarðelds fleygi-Nirðir
fellu skjótt at velli.

Eins og aðrar skjálfhendar vísur og kvæði virðir þessi vísuhelmingur bæði VA- og VS-regluna. Hér eru óbundnu sagnirnar *flaug* og *fellu* með stuðlum. Það er í lagi vegna þess að þær eru fremst í línu. Fyrsta vísuorð hefur óbundna sögn (*flaug*) og virðir þannig VS-regluna. Í þriðja vísuorði standa saman þrjú löng atkvæði í nafnorðastofnum: *fjarð-*, *eld-* og *fleyg-* og stuðlar eru eins og í skjálfhendum. Þessi einkenni eru ekki fyllilega öruggt merki um skjálfhent vísuorð, tryggara væri ef til viðbótar væri aðalending í vísuorðinu eða ef rím væri í bragstöðu númer tvö, en þar sem skáldið er höfundur REKSTEFJU er líklegra að þessi vísuhelmingur sé skjálfhendur fremur en illa ortur (þrjú áhersluþung atkvæði í röð teljast braglyti, nema í skjálfhendum vísuorðum). Með þessum vísuhelmingi bætist Hallar-Steinn í flokk nafngreindra skálda sem ort hafa skjálfhendar vísur eða kvæði en í þeim flokki eru: Þjóðólfur úr Hvini, Guthormur sindri, Kormákur, Þorvaldur veili, Hallvarður háreksblesi, Rögnvaldur Kali, Oddi litli og Gamli kanóki (sjá Þorgeir Sigurðsson 2014). Hallar-Steinn er hins vegar einn í flokki nafngreindra skálda sem ort hafa varðveittan kveðskap undir tvískelfdum hætti ef frá eru taldir höfundar HÁTTATALS og HÁTTALYKILS.

Finnur Jónsson (1912–1915 BI:534–535) taldi fjögur kvæðabrot Hallar-Steins vera úr kvæði um konu. Stavnem (2012:893) taldi þessi brot lýsa vangoldinni ást (*represent a love-lorn poet*). Jan de Vries (1964–7 II:44) tengdi þau við trúbadúr-menningu sem barst til Norðurlanda m.a. með sögunni um Tristan og Ísold sem Hákon Noregskonungur lét þýða á norrænu um 1227. Í fyrsta brotinu segir skáldið að fegurð konunnar geri það orðlaust, í öðru broti segir að maður (líklega skáldið) eigi eftir að muna konuna lengi, í því þriðja segir skáldið að konan muni eins og fleiri veita gæfu sinni viðnám. Fjórða brotið er þannig en í því gæti virst vera skjálfhent vísuorð (Finnur Jónsson 1912–1915 BI:535):

Ek hef óðar lokri
 ǫlstafna Bil skafna,
 væn mörk skála, verka
 vandr, stefknarrar branda.

Í þriðja vísuorði standa saman þrjú þung atkvæði í nafnorða- og lýsingarorðastofnum, en stuðlar eru þó ekki eins og í skjálfhendum vísuorðum. Hér er líklega um að ræða mistök útgefanda en ekki skáldsins. Helstu handrit Snorra-Eddu (venjulega kölluð R, W, T, U) hafa orðið *verki* en ekki *verka* sem merkir kveðskapur en *vandr* merkir erfiður, orðið *skála* er líklega sögnin *skal-a* (skal ekki). Taka má saman „skala verki vandr“ sem merkir: Skáldskapurinn verður ekki erfiður eða það verður ekki erfitt að yrkja. Þessi vísa er að orðalagi og efni lík 15. erindi ARINBJARNARKVIÐU þar sem Egill segist eiga auðvelt með að yrkja lof um Arinbjörn vin sinn (son Þóris). Egill sagðist munu auðveldlega skafa lofið með ómunlokri (hljóðhefli) (Erum auðskœf / ómunlokri / magar Þóris / mærdar efni, Finnur Jónsson 1912–1915 BI:40). Hér er skipt á Arinbirni og konu sem Hallar-Steinn vildi lofa. Vegna samsvörunarinnar við ARINBJARNARKVIÐU er þessi vísa líkari því að vera úr lofkvæði en úr ástarkvæði. Guðrún Nordal (2001:253) fjallaði um þennan víshelming og benti á að vísan væri úr drápu (vegna orðsins *stefknarrar*) og að Hallar-Steinn talaði um að smíða lof í fyrsta erindi REKSTEFJU (sjá fyrsta erindið í kafla 3). Guðrún Nordal (2001:267) leitaðist við að tengja þetta smíða-málfar, sem ekki er algengt í gömlum kvæðum, við hugarheim tólftu og þrettánda aldar.

Í Skáldatali er ekkert dæmi nefnt um að skáld hafi ort lofkvæði um konu. Þó er til kveðskapur sem lofar ekkju Ólafs helga eftir Sighvat Þórðarson (um þetta skrifaði Judith Jesch 1994 og 2012). Einnig er til lausavísa þar sem Sighvatur áminnir frillu Ólafs, móður Magnúsar konungs, og segir henni að virða hærri stöðu ekkjunnar: *Ástríði lát æðri* (Finnur Jónsson 1912–1915 BI:254). Bróðir Ólafs, Haraldur harðráði, lét einnig eftir sig tvær konur, drottningu og frillu. Frillan varð sömuleiðis móðir Noregskonungs. Sé Hallar-Steinn sami maður og hirðskáldið Steinn gæti víshelmingurinn hér á undan verið úr lofkvæði til Ellisifjar drottningar eða til Þóru Þorbergsdóttur.

Í Skáld-Helga rímum er vitnað í kvæði eftir Hallar-Stein en í rímunum eru tvær systur frá bænum Höll í Borgarfirði meðal höfuðpersóna. Þannig er vitnað til Hallar-Steins í vísu 63 í rímu II (tekið eftir útgáfu Finns Jónssonar 1905:122 en stafsetning er samræmd).

Þat er í hróðri Hallar-Steins
 hrings um frækinn stjóra,
 at fyrir hrópan hryggðarmeins,
 Helgi dræpi fjóra.

Hér er vísað til vígamála Skáld-Helga sem komu til af því að Helgi varð ástfanginn af Þorkötlu og hún af honum en þau fengu ekki að giftast. Faðir hennar bauð Helga í staðinn eldri systur hennar sem Helgi þáði (sbr. vísu 56 í rímu I). Það er skiljanlegt að faðir vilji fyrst gifta eldri dóttur sína en Finnur Jónsson (1920:495) sneri þessu við og hélt að Helgi hefði gift þeirri yngri. Finnur og síðari fræðimenn virðast ekki hafa skilið við hvaða *bryggðarmein* væri átt. Um Skáld-Helga rímur sagði Finnur Jónsson (1924:40): „Æmnet er altsá tragisk elskov, og grundtonen er den tydelig udtalte tro på, at »gensidig tilbøjelighed aldrig skaber lykke«; det er dette æmne, der har vakt rimedigterens interesse; det var jo nærbeslægtet med så mange romaner, som var den mest yndede læsning.“ Finnur taldi samkvæmt þessu rímurnar vera dæmigerðar trúbadúr-bókmenntir og búast mætti við að hróður Hallar-Steins hafi verið það einnig (fremur en hefðbundið lofkvæði). Það eru hins vegar til heimildir um hvaða málefni var ort í rímunum og um að það hafi verið til umræðu um miðja 11. öld.

Hjónaband Helga entist aðeins í tvö ár en þá skilaði Helgi konunni til föðurins, fór til Noregs en kom aftur heim og tók upp samband við Þorkötlu sem jafngilti sífjaspellum í hinum nýja kristna sið (um sífjalög kirkjunnar sjá grein Torfa H. Tulinius 1996). Þetta er ekki sagt berum orðum í rímunum. Kvæði eftir Hallar-Stein eða vísa úr því var tekin til vitnis um að Helgi hafi drepið fjóra menn fyrir hrópan hryggðarmeins en þar er líklega átt við að þeir sökuðu hann um sífjaspell. Rímurnar segja ekki frá nema einu af þessum vígum. Ættingjar mannsins sem Helgi drap kærðu mál sitt til Hermundar Illugasonar, goðorðsmanns, sem dæmdi Helga sekan en Hermundur kom síðar á sáttum sem þó dugðu ekki lengi. Helgi varð eftir mikil ferðalög og hrakninga lögmaður Grænlandinga. Þorkatla heimsótti hann til Grænlands og varð ólétt en dó af barnsförum þegar heim kom til Íslands. Hún eignaðist dóttur, sem var skírð Þorkatla eins og móðirin og send 12 ára til Grænlands til föður síns, sem tók henni vel og gifti hana göfugum manni.

Landnáma nefnir báðar systurnar að Höll og föður þeirra og veit að önnur var gift Helga en segir ekkert um óviðurkvæmilegt samband Helga við systur hennar (Einar Arnórsson 1948:190–191). Í Landnámu eru skýr dæmi um að ekki sé legið á slíkum upplýsingum. Þannig segir

í Þórðarbók Landnámu að þeir Þórólfur og Egill Skalla-Grímssynir „áttu báðir Ásgerði Bjarnardóttur“ (Einar Arnórsson 1948:96). Jafnvel þótt Þórólfur hafi verið látinn mátti Egill ekki kvænast mágkonu sinni, samkvæmt lögum kirkjunnar (sjá Torfa Tulinius 1996). Hungurvaka virðist hins vegar staðfesta Skáld-Helga sögu í frásögn af vandræðum Ísleifs biskups vegna siðleysis undirsáta sinna. Ísleifur var vígður biskup 1056 og sendur með bréf erkibiskups í Brimum til safnaða á Íslandi og á Grænlandi (Tschan og Reuter 2002:218). Ísleifur var þá fimmtugur að aldri (fæddur um 1006) og hafði líklega beðið lengi eftir að Rúðólfur biskup færi úr landi um 1050. Um Ísleif segir í útgáfu Ásdísar Egilsdóttur (2002:8–9) á Hungurvöku:

Hann hafði nauð mikla á marga vegu í sínum byskupsdómi fyrir sakir óhlýðni manna. Má þat af því merkja nokkut í hverjum nauðum hann hefir verit fyrir sakir ótrú ok óhlýðni ok ósiða sinna undirmanna, at lög< sögu>maðrinn átti mœðgur tvær ... Um daga Ísleifs byskups kómu út byskupar af öðrum lönðum, ok buðu þeir mart linara en Ísleifr biskup. Urðu þeir af því vinsælir við vanda menn.


Í framhaldinu kemur fram að einn af þessum biskupum var Rúðólfur, samanber útgáfu Ásdísar Egilsdóttur (2002:11–12):

Þess er getit at byskupar kómu út hingat til Íslands um daga Ísleifs byskups, en Friðrekr einn kom áðr út... Inn fjórði var Rúðólfr byskup, er sumir kalla at Úlfr hétu ok væri kynjaðr af Rúðu ór Englandi. Hann var nírtján vetr á Íslandi ok bjó í Bøe í Borgarfirði.

Útgefendur Hungurvöku hafa breytt orðinu lögmaður í lög< sögu>-maður. Gellir Bölverksson var lögsögumaður um þetta leyti og er nefndur í Hungurvöku (sjá Ásdísi Egilsdóttur 2002:13 nmgr. 2 og bls. 8 nmgr. 5) og hafa útgefendur helst talið að hér sé átt við hann en ekkert er vitað um kvennámál hans. Orðið lögmaður á vel við um Skáld-Helga sem var um 20 árum eldri en Ísleifur. Annaðhvort væru það ýkjur að kalla Þorkötlu og systur hennar mæðgur, en þær gætu hafa verið nokkuð misgamlar og sú eldri gæti hafa fósturað hina, eða gefið er í skyn að Helgi hafi tekið saman við dóttur sína sem honum var send til Grænlands. Það að dóttirin hét sama nafni og móðirin gæti hafa ýtt undir rugling og dylgjur. Ísleifur hefur líklega viljað taka harðar á meintum sífjaspellum en Rúðólfur gerði. Rúðólfr bjó á Bæ sem er í næsta nágrenni Hallar. Hann kom með Ólafi helga í Noreg (Tschan og Reuter 2002:94) en fór til Íslands eftir fall Ólafs á Stiklastöðum 1030 með viðkomu hjá erkibiskupi í Brimum (Tschan og Reuter 2002:100).

8 Steinn Herðisarson, *birðskáldið*

Föðurætt Steins Herðisarsonar er ekki þekkt en langafi hans í móðurætt var Einar skálaglamm skv. Landnámu og af því leiðir að hann var skyldur mörgu þekktu fólki. Þar á meðal var Stúfur skáld, Úlfur stallari og Guðrún Ósvífursdóttir. Barnabarn og fósturdóttir Guðrúnar, Herdís Bolladóttir, giftist Ormi en sagt er frá því í Laxdælu. Ormur var sonur Hermundar Illugasonar sem dæmdi um mál Skáld-Helga og var frændi Þorkötlu. Meðfylgjandi mynd sýnir þessi tengsl.



Steinn var á skipi Úlfs stallara, frænda síns, í Nizarorustu 1062 þar sem Haraldur harðráði barðist við Svein Ástríðarson, Danakonung. Steinn orti kvæði um Úlf og annað um Nizarorustu. Steinn lifði af herförina til Englands 1066 og orti um Ólaf kyrra, son Haralds. Brot úr þessum kvæðum eru varðveitt, samtals nærri 100 vísuorð.

Úlfur var giftur Jórinni systur Þóru Þorbergsdóttur sem var frilla Haralds harðráða og móðir Ólafs kyrra en Ellisif hét drottning hans. Þær systur voru stórættaðar, Kálfur Árnason var föðurbróðir þeirra og móðuramma þeirra hét Ástríður (skv. Heimskringlu). Hún var systir Ólafs Tryggvasonar. Til að REKSTEFJA sé hefðbundið dróttkvætt lofkvæði þurfti sá sem var lofaður eða ættingjar hans að taka við lofinu og hér stóð það nærri systrunum tveimur. Það er ekki langsótt að hugsa sér að kvæði Steins um Úlf hafi verið erfikvæði (Úlfur dó fyrir herförina 1066) sem hann flutti fyrir konu hans og hann gæti hafa flutt annað (þ.e. REKSTEFJU) um Ólaf Tryggvason frænda hennar fyrir hana og Þóru systur hennar.

Steinn átti ættmenn á Vesturlandi og var tengdur Hermundi og systrunum frá Höll (sbr. mynd af ættartengslum). Það eykur líkur á að hann sé í raun Hallar-Steinn. Hryggðarefnið sem nefnt er í rímunum gæti hafa verið viðkvæmt umfjöllunarefni – Snorri og fleiri hafa e.t.v. ekki viljað flíka því. Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar virðast ekki vera gerðar neinar athugasemdir við hjónabönd sem augljóslega brutu gegn sifjalgum kirkjunnar. Þessi hjónabönd á seinni hluta 11. aldar hljóta þó að hafa kallað fram athugasemdir hjá biskupum eins og Ísleifi. Eftirfarandi eru dæmi sem tengjast Þóru Þorbergsdóttur og Ólafi kyrra:

- » Snorri segir í Heimskringlu (Finnur Jónsson 1893–1901 III:201) að Haraldur harðráði hafi heitið Eysteini orra, dóttur sinni Maríu. Eysteinn var mágur hans, bróðir Þóru og með þessu hefði móðurbróðir Ólafs kyrra verið giftur systur hans (af þessu hjónabandi varð ekki).
- » Ingigerður hét hin systir Ólafs kyrra. Einn sona Sveins Ástríðarsonar Danakonungs giftist henni. Snorri segir eftirfarandi (Finnur Jónsson 1893–1901 III:229): „Óláfr Nóregs-konungr fekk Ingiríðar, dóttur Sveins Dana-konungs; en Óláfr Dana-konungr Sveinsson fekk Ingigerðar, dóttur Haraldz konungs, systur Óláfs Nóregs-konungs.“ Samkvæmt þessu giftust systkini öðrum systkinum.
- » Adam frá Brimum segir í athugasemd að móðir Ólafs kyrra hafi gift Sveini Ástríðarsyni, eða með því að athugasemdin vísi annað, giftist hún Svíakonungi (Krag 2009). Hafi hún gift Sveini var Ólafur kyrri giftur stjúpsystur sinni.

9 Málbreytingar og sérhljóð í rími Rekstefju

Finnur Jónsson tók eftir óvenjulegu alrími með sérhljóðinu *ó* í REKSTEFJU sem hann notaði sem eina helstu röksemd sína fyrir því að REKSTEFJA væri ekki ort af Steini Herdísarsyni. ÓLÁFSDRÁPA Steins Herdísarsonar hefur þó einnig óvenjulegt alrím með þessu sérhljóði. Í henni er elsta dæmi í dróttkvæðum um að mannsnafnið *Óláfr* rími við orð með *-ól-*. Það dæmi er vísuorð í klofastefi kvæðisins: *Óláfr borinn sólu*. Hér er Ólafur kyrri lofaður. Í eldri dróttkvæðum rímaði nafnið *Óláfr* jafnan við *-ál-* eða *-ól-* og í þessari sömu drápu notaði Steinn Herdísarson einnig það rím og lét *Óláfr* og *hóla* (hála) í 7.6 ríma saman. Í það skiptið átti hann við Ólaf helga og sagði að Ólafur helgi myndi unna ætt sinni alls Noregs og Sveinn Ástríðarson þyrfti ekki „til kalla“ (sjá Finn Jónsson 1921:291–292 um sögu ríms með nafninu Ólafur).

Þetta nýja alrím stafaði af málbreytingu sem breytti nefjuðu *ó* í *ó*, en í mannsnafninu *Óláfr* var *ó* nefjað. Þessi málbreyting sést í vísu frá 1049 um eyðileggingu Haralds harðráða á Heiðabæ (Finnur Jónsson 1912–1915 BI:396) *vask í nótt fyr óttu*, þar sem *óttu* og *nótt* ríma saman í aðalhengingu en í seinna orðinu var nefjað *ó* (sbr. Noreen 1923:105–106 § 116). Í Heimskringlu vitnar Snorri til manna Haralds um vísuna en oftast vitnaði hann til íslenskra skálda og þess vegna er líklegt að þessi vísa sé eftir Norðmann. Frá sama tíma er eftirfarandi vísuorð úr erfi-drápu Arnórs jarlaskálds um Magnús góða (dáinn 1047), MAGNÚSDRÁPA 3.5 *Nótt beið ok dag dróttins* (Diana Whaley 2009:211–212). Hér rímar

nótt við *dróttins* í frumlínu og þetta er því líklega skothending og ekki alrím hjá þessu íslenska skáldi sem ættað er af Vesturlandi, líkt og Steinn Herdísarson (skv. Myrvoll 2014:127 notaði Arnór skothendingar í 82% tilvika í frumlinum). Í hinni svokölluðu Fyrstu málfræðiritgerð var enn gert ráð fyrir nefjuðu ρ í íslensku um 1150 (hún er skrifuð milli 1125 og 1175 skv. Hreini Benediktssyni 1972:31) og þess vegna er líklegt að íslensk skáld hafi haft þetta hljóð lengur en Norðmenn. Málbreytingin gat skapað vanda fyrir skáld á meðan hún gekk yfir t.d. ef það lét orðin *nótt* og *knóttu* ríma saman eins og gert er í línu 13.1 í REKSTEFJU: *Húns nótt hverja knóttu* (bæði Finnur og Stavnem skrifa hér *ó* en ekki ρ í orðinu nótt). Í elsta máli hefði þetta verið aðalhending sem mátti nota í síðlínu en helst ekki í frumlínu. Í yngra máli er þetta skothending sem aðeins mátti nota í frumlínu. Í skjálfhendum vísuorðum mátti gjarna hafa aðalhendingu þótt skothendingar væru algengari og þess vegna hefur enginn getað gert athugasemd við línu 13.1.

Í tvískelfdum hætti hefði mátt setja rím með nafni Ólafs Tryggvasonar í skjálfhend vísuorð og þá hefði ekki verið hægt að sjá hvort nafnið var með *ó* eða ρ vegna þess að það hefði bæði getað rímað við *-ól-* og *-ál-*. Í REKSTEFJU er það ekki gert, nafn Ólafs er haft í síðlinum og rímar bæði við orð með *-ól-* og *-ál-* en á öðrum rímorðum sést að í kvæðinu er í lagi að ríma hljóðin ρ : *ó* (og ρ : *o*) saman í aðalhendingu. Dæmin með alrími ρ : *ó* eru með orðum sem Finnur tók eftir (*hótt* : *dróttir*, *hóps* : *drópu*). Þessi orð mynduðu aldrei alrím í hefðbundum kveðskap. Rolf Stavnem skrifaði nafn Ólafs með *ó* en ekki ρ , en við það verður rím REKSTEFJU óreglulegra en þörf er á, því að þetta myndi þýða að *á* og *ó* rímuðu saman í *Óláfr* : *dála* í línu 8.6 en REKSTEFJA hefur ekkert annað dæmi um að *á* : *ó* (eða *a* : *o*) rími saman í aðalhendingu. Eftirfarandi er yfirlit um allt alrím með nafninu Ólafur og með ρ (og ρ) við önnur hljóð en sjálft sig (skv. útgáfu Stavnem):

Erindi.lína	Vísuorð	Athugasemd
3.8	Óláfr, ok klauf stólum	Stavnem skrifaði Óláfr
8.2	(hótt) norrœnar dróttir	
8.6	Óláfr of galt dála	Stavnem skrifaði Óláfr
11.8, 14.8, 17.8, 20.8, 23.8	Hollr ok fremstr at þllu.	Vísuorð í klofastefi
12.2	hjaldrríkr ok gaf skjöldu	
10.8, 13.8, 16.8, 19.8, 22.8	Óláfr und veg sólar.	Vísuorð í klofastefi Stavnem skrifaði Óláfr
25.8	frár ok gekk at órum.	
35.4	hóps tvískelfða drópu.	

Finnur Jónsson (1912–1915 BI: 527–528) skrifaði: *Höll ok fremstr at öllu* og lagði til miklar tilfæringar innan stefnsins til að ná saman skiljanlegum texta.

Hallar-Steinn hefði tæplega sett fram nýjan jafngildisflokk í rími ef ekki hefði verið fyrir sú hefð í dróttkvæðum að ríma saman sérhljóðin ρ og a bæði í stuttri og langri gerð. Hljóðið ρ var orðið til úr a með u -hljóðvarpi en í dróttkvæðum var látið eins og það hljóðvarp hefði aldrei orðið, hugsanlega til að koma til móts við austur-norrænar mál-lýskur sem voru án þessa u -hljóðvarps í mörgum orðum (sjá tilgátur um þetta rím hjá Hreini Benediktssyni 1963, Anderson 1973 og nýlega umfjöllun hjá Hauki Þorgeirssyni 2013:75–81). Þeir sem hlýddu á dróttkvæði voru líklega vanir því að orð með ρ (eða ρ) rímuðu ekki rétt og að það teldist vera í lagi. Hljóðið ρ var eins konar millihljóð milli a og o (sama á við um löngu gerðirnar) og rím Hallar-Steins í REKSTEFJU er í þessu ljósi ekki jafn-róttækt frávik og í fyrstu kann að virðast.

Í norrænu virðast hafa verið fleiri sérhljóð en staðist gat til lengdar. Miklar breytingar urðu á 12. öld og meðal annars hvarf langt og stutt ρ úr málinu. Um 1200 var ρ orðið að a eða o eftir því hvort það var áður kveðið í munn eða nef og hið stutta ρ tók að falla saman við \emptyset um 1200 (sjá Stefán Karlsson 2000:23).

Í kveðskap Steins Herdísarsonar og í öðrum kveðskap Hallar-Steins en REKSTEFJU er ekki að finna rím ρ við o eða ρ við o .

Kvæðið GEISLI um Ólaf helga var kveðið yfir helgum dómi hans í Kristskirkju í Niðarósi 1153. Líkindi eru mikil með GEISLA, REKSTEFJU og ÓLÁFSDRÁPU Steins Herdísarsonar, meðal annars varðandi rím með nafninu Ólafur, sbr. eftirfarandi töflu:

Yfirlit um rím mannsnafnsins Ólafur

bæði í frumlinum og síðlinum í þremur drápum

ÓLÁFSDRÁPA, 16 vísur	REKSTEFJA, 35 vísur	GEISLI, 71 vísa
Steinn Herdísarson um 1070	Hallar-Steinn	Einar Skúlason 1153
e. útg. K. E. Gade 2009	e. útg. Svavnem 2012 ⁴	e. útg. M. Chase, 2007
Óláfr konungr hōla 7.6	Óláfr, ok klauf stólum 3.8	Óláfi brag — sólar 1.8
Óláfr gefr, svát jōfra 16.1	Óláfr allra jōfra 5.1	Óláfs dreka bóli 41.4
Óláfr borinn sólu STEF.8	Óláfr of galt dála 8.6	Óláfr (bragar tólum) 50.4
	Óláfr œzta sælu 33.7	dýrð Óláfs riðr dála 51.7
	Óláfr und veg sólar STEF.8	Ólaf í gný stála 54.4
		Hōnd Óláfs vann heilan 61.5
		Óláfs (bragar stóli) 67.4
		Óláfs hōfum jōfra 69.1
		Óláfr af gram sólar STEF.8

⁴ Nema Óláfr fyrir Óláfr (sbr. áður).

Líkindin eru mest í stefjunum sem öll ríma *sól-* við nafnið *Óláfr*. Öll kvæðin hafa einnig skothenda rímið *Óláfr* og *jofra*, þó er mögulegt að í ÓLÁFSDRÁPU 16.1 rími *gefr* við *jofra*. Rímið í ÓLÁFSDRÁPU er hægt að skýra með því að Steinn hafi haft nefjað *ó* í máli sínu og talið rétt að hafa það í nafni Ólafs helga en ekki í nafni Ólafs kyrra. Í REKSTEFJU má skýra það með nýjum jafngildisflokki eins og áður var lýst sem leyfði *Óláfr* að ríma við hvort sem var *-ál-* eða *-ól-*. Í GEISLA er Einar Skúlason með nokkrar aðalhendingar þar sem *Óláfr* rímar við *-ól-* en aðeins eitt rím við *-ál-* sem gæti verið fyrir áhrif frá eldri kveðskap. Ekki sést af þessu hvort GEISLI eða REKSTEFJA er eldra kvæði.

10 Samantekt og niðurstöður

REKSTEFJA er einstök meðal dróttkvæða vegna þess að hún virðir ekki reglu um að sögn sé framarlega í aðalsetningum (svokölluð V2-regla) og vegna þess að í henni rímar sérhljóðið *ó* við *ó* í aðalhendingum (alrími). Bæði þessi atriði eru áhugaverð fyrir málfraeðinga. Seinna atriðið, ásamt ónákvæma samhljóðaríminu *-lds : -ll* taldi Finnur Jónsson vera einkenni á málfari Hallar-Steins, hins óþekhta höfundar REKSTEFJU sem Snorri vitnaði til í Skáldskaparmálum Snorra-Eddu í kringum 1220. Finnur taldi rímið sýna að kvæðið væri ekki eftir Stein Herðisarson, hirðskáld Ólafs kyrra (dáinn 1093) vegna þess að Steinn notaði ekki þetta ónákvæma samhljóðarím og ónákvæma alrím.

Í þessari grein tók ég til athugunar hvort reglubrot Rekstefju varðandi V2-reglu og varðandi rím væru einkenni tvískelfds háttar eða kæmu til vegna einstaklingseinkenna Hallar-Steins. Til að skera úr um þetta varðandi V2-regluna lýsti ég reglum um staðsetningu sagna í dróttkvæðum (sem svara til V2-reglunnar) og sýndi að fimm stakar vísur undir tvískelfdum hætti brjóta þessar reglur eins og REKSTEFJA (þetta eru tvær vísur í HÁTTALYKLI (önnur er aðeins brot), ein í HÁTTATALI og tvær lausavísur). Ég sýndi að þótt reglur um sagnir séu brotnar í frumlinum er regla um staðsetningu sagna í síðlinum virt. Þetta eru rök fyrir því að brot á V2-reglu séu hluti af tvískelfdum hætti. Ég lýsti enn fremur hvernig stefið í REKSTEFJU aðgreinir öll erindi í miðhluta kvæðisins, sem þýðir að segja má að stefið þjóni að einhverju leyti því hlutverki V2-reglunnar að gera erindaskil greinileg. Þetta eru viðbótarrök fyrir því að V2-reglan sé brotin í REKSTEFJU af ráðnum hug.

Rök fyrir því að samhljóðarímið *-lds : -ll* tengist tvískelfdum hætti eru þau að það er notað í tvískelfdri lausavísu eftir Leikni berserk en líklega aðeins á einum öðrum stað á 12. öld og á fáum stöðum öðrum

fyrir upphaf 14. aldar. Önnur tvískelfd lausavísa notar einnig sjaldgæft rím *-kkt* : *-kk*, og *-rt* : *-r* þar sem orðhlutaskil eru á undan *-t* (hvorumkynsending). Slíkt rím er líklega ekki annars staðar nema rím með *-rt* : *-r* er í vísu eftir bróður Leiknis berserks sem er raunar ekki tvískelfd en er varðveitt með tvískelfdri vísu Leiknis.

Ég benti á að ónákvæmni í rími með *o* og *ó* felst í því að þessi sérhljóð eru í rími gerð jafngild *o* og *ó* til viðbótar við að vera jafngild *a* og *á*. Ég benti enn fremur á að málbreyting sem hófst um miðja elleftu öld gerir þetta rím skiljanlegt en hún breytti nefjuðu *o* í *ó* á meðan ónefjuð *o* urðu að lokum að *á*. Vegna þessarar breytingar gat verið ágreiningur milli þeirra sem enn höfðu gamlan framburð og hinna um hvort gömul nefjuð *o* rímuðu við *á* eða *ó* og það átti við um *o* í nafni Ólafs Tryggvasonar sem Ólafur kyrrir bar.

Það virðist öruggt að brot á V2-reglu hafi verið hluti af tvískelfdum hætti og það virðist líklegt að samhljóðarím sem var nálægt því að teljast vafasamt hafi einnig fylgt hættinum. Þar sem hið ónákvæma alrím með hljóðinu *o* (og *o*) virðist lýsa skynsamlegum viðbrögðum við málbreytingu er líklegt að öll þessi afbrigði í REKSTEFJU séu einkenni á hætti kvæðisins en ekki einkenni á málfari höfundar REKSTEFJU.

Rök fyrir því að REKSTEFJA sé samin löngu síðar en árið 1100 hafa verið styrkt með því að hún hafi einkenni 13. aldar sem má kalla trúbadúr-einkenni, sem koma fram í því að kvæðið ávarpar konur í upphafi og kveður þær í lokin. Ég benti hins vegar á að við hirð Haralds harðráða og Ólafs kyrra voru tvær systur, barnabörn Erlings Skjálgssonar, mágs Ólafs Tryggvasonar, sem hefðu getað þegið lof um frænda sinn í REKSTEFJU.

HEIMILDIR

Ó Ú T G E F I Ð E F N I

Jóhannes B. Sigtryggsson. 1996. Tvöföldunarsagnir í forníslenzku. Óprentuð BA-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Ú T G E F I Ð E F N I

Anderson, Stephen R. 1973. U-Umlaut and Skaldic Verse. *A Festschrift for Morris Halle*, bls. 3–13. Stephen R. Anderson og Paul Kiparsky (ritstj.): Rinehart and Winston, New York.

Attwood, Katrina (útg.). 2007. Anonymous, *Máriudrápa*. Margaret Clunies Ross (ritstj.): *Poetry on Christian Subjects. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* 7, bls. 476–514. Brepols, Turnhout.

- Ásdís Egilsdóttir (útg.). 2002. *Biskupa sögur* II. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Chase, Martin (útg.). 2007. Einar Skúlason, *Geisli*. Margaret Clunies Ross (ritstj.): *Poetry on Christian Subjects. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* 7, bls. 5–65. Brepols, Turnhout.
- Einar Arnórsson. 1948. *Landnámabók Íslands*. Helgafell, Reykjavík.
- Einar G. Pétursson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða* I. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Faulkes, Anthony (útg.). 2007. *Edda. Háttatal*. 2. útgáfa. Viking Society for Northern Research, London.
- Finnur Jónsson. 1892. *Stutt íslensk bragfræði*. Hið íslenska bókmenntafélag, Kaupmannahöfn.
- Finnur Jónsson (útg.). 1893–1901. *Heimskringla: Nóregs konunga sögur* III. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, København.
- Finnur Jónsson (útg.). 1905. *Rímnasafn* I. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, København.
- Finnur Jónsson (útg.). 1912–1915. *Den norsk-islandske skjaldedigtning*. AI, AII, BI, BII. Gyldendalske boghandel, Nordisk forlag, København og Kristiania.
- Finnur Jónsson. 1920. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie* I. 2. útgáfa. G.E.C. Gads forlag, København.
- Finnur Jónsson. 1921. *Norsk-islandske kultur- og sprogforhold i 9. og 10. århundrede*. Kongelige Danske Videnskabernes Selskab, København.
- Finnur Jónsson. 1923. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie* II. 2. útgáfa. G.E.C. Gads forlag, København.
- Finnur Jónsson. 1924. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie* III. 2. útgáfa. G.E.C. Gads forlag. København.
- Fulk, Robert D. 2016. Eddic metres. C. Larrington, J. Quinn og B. Schorn (ritstj.): *A Handbook to Eddic Poetry. Myths and Legends of Early Scandinavia*, bls. 252–270. Cambridge University Press, Cambridge.
- Gade, Kari Ellen. 1995. *The Structure of Old Norse Dróttkvætt Poetry*. Cornell University Press, Ithaca og London
- Gade, Kari Ellen (útg.). 2009. Steinn Herdísarson, *Óláfsdrápa*. Kari Ellen Gade (ritstj.). *Poetry from the Kings' Sagas 2: From c. 1035 to c. 1300. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* 2, bls. 367–381. Brepols, Turnhout.
- Guðbrandur Vigfússon (útg.). 1878. *Sturlunga saga including the Islendinga saga of lawman Sturla Thordsson and other works*. Clarendon Press, Oxford.
- Guðrún Ása Grímsdóttir (útg.). 1998. *Biskupa sögur* III. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Guðrún Nordal. 2001. *Tools of Literacy. The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries*. University of Toronto Press, Toronto.
- Haukur Þorgeirsson. 2012. Late placement of the finite verb in Old Norse *fornyrðislag* meter. *Journal of Germanic Linguistics* 24, 3:233–269.

- Haukur Þorgeirsson. 2013. *Hljóðkerfi og bragkerfi. Stodhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Doktorsritgerð í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hugvísindastofnun, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1963. Phonemic neutralization and inaccurate rhymes. *Acta Philologica Scandinavica* 26:1–18.
- Hreinn Benediktsson. 1972. *The First Grammatical Treatise. Introduction, text, notes, translation, vocabulary, facsimiles*. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Íslendingabók. Vefur. Útgefendur: Íslensk erfðagreining ehf. og Friðrik Skúlason ehf. Vefslóð: islendingabok.is. Gögn sótt í desember 2016.
- Jesch, Judith (útg.). 2012. Sigvatr Þórðarson, Poem about Queen Ástriðr. Diana Whaley (ritstj.): *Poetry from the Kings' Sagas 1: From Mythical Times to c. 1035. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 1*, bls. 645–649. Brepols, Turnhout.
- Jesch, Judith. 1994. In Praise of Ástriðr Ólafsdóttir. *Saga-Book* 24:1–18.
- Jón Árnason (útg.). 1954. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* 1. Ný útgáfa. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Þjóðsaga, Reykjavík.
- Kahle, Bernhard. 1892. *Die Sprache der Skalden auf Grund der Binnen- und Endreime: verbunden mit einem Rimarium*. Karl J. Trübner, Strasbourg.
- Konráð Gíslason. 1895. *Efterladte skrifter* I. Ritstjóri Björn M. Ólsen. Gyldendal, København.
- Krag, Claus. 2009, 13. febrúar. Ellisiv. *Norsk biografisk leksikon*. Sótt 5. desember 2016 af: nbl.snl.no/Ellisiv.
- Kristján Árnason. 2006. Um *Háttatal* Snorra Sturlusonar. Bragform og braglýsing. *Gripla* 17:75–124.
- Kuhn, Hans. 1933. Zur Wortstellung und -betonung im Altgermanischen. *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* 57:1–109.
- Kuhn, Hans. 1983. *Das Dróttkvætt*. Winter, Heidelberg.
- Myrvoll, Klaus Johan. 2014. *Kronologi i skaldekvæde. Distribusjon av metriske og språklege drag i høve til tradisjonell datering og attribuering*. Doktorsritgerð. Institutt for lingvистiske og nordiske studium Universitetet i Oslo, Ósló.
- Noreen, Adolf. 1923. *Altnordische Grammatik* I. Niemeyer, Halle a.S.
- Norseng, Per G. 2016, 24. júní. Olav 3 Haraldsson Kyrre. *Store norske leksikon*. Sótt 9. desember 2016 af snl.no/Olav_3_Haraldsson_Kyrre.
- Seip, Didrik Arup. 1955. *Norsk språkhistorie til omkring 1370*. 2. útgáfa. Aschehoug, Oslo.
- Stavnem, Rolf (útg.). 2012. Hallar-Steinn, *Reksteffa*. Diana Whaley (ritstj.): *Poetry from the Kings' Sagas 1: From Mythical Times to c. 1035*. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 1, bls. 893–938. Brepols, Turnhout.
- Stavnem, Rolf. 2014. Creating Tradition: The Use of Skaldic Verse in Old Norse Historiography. Martin Chase (ritstj.): *Eddic, Skaldic and Beyond. Poetic Variety in Medieval Iceland and Norway*, bls. 87–101. Fordham University Press, New York.

- Stefán Karlsson. 2000. Tungan. *Stafkrókar. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni sjötugsafmælis hans 2. desember 1998*, bls. 19–75. Ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Sveinbjörn Egilsson, Jón Sigurðsson og Finnur Jónsson (útg.). 1848–87. *Edda Snorra Sturlusonar = Edda Snorronis Sturlæi I–III*. Legatus Arnamagnæani, Hafnia.
- Sveinbjörn Rafnsson. 2005. *Ólaf sögur Tryggvasonar. Um gerðir þeirra, heimildir og höfunda*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Torfi H. Tulinius. 1996. Guðs lög í ævi og verkum Snorra Sturlusonar. *Ný saga* 8:31–40.
- Townend, Matthew (útg.). 2012. Þórarinn loftunga, *Glelognskviða*. Diana Whaley (ritstj.): *Poetry from the Kings' Sagas 1: From Mythical Times to c. 1035. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 1*, bls. 863–876. Brepols, Turnhout.
- Tschan, Francis J. og Timothy Reuter (þýð. og útg.). 2002. *History of the Archbishops of Hamburg-Bremen*. Columbia University Press, New York.
- Vries, Jan de. 1964–1967. *Altnordische Literaturgeschichte I–II*. 2. útgáfa. De Gruyter, Berlin.
- Whaley, Diana (útg.). 2009. Arnórr jarlaskáld Þórðarson, *Magnússdrápa*. Kari Ellen Gade (ritstj.): *Poetry from the Kings' Sagas 2: From c. 1035 to c. 1300. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 2*, bls. 206–229. Brepols, Turnhout.
- Whaley, Diana (útg.). 2012. Hallar-Steinn, Fragment. Diana Whaley (ritstj.): *Poetry from the Kings' Sagas 1: From Mythical Times to c. 1035. Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages 1*, bls. 939–940. Brepols, Turnhout.
- Þorgeir Sigurðsson. 2010. Þróun dróttkvæða og visuorðhlutar að hætti Hans Kuhn, *Són* 8:9–21.
- Þorgeir Sigurðsson. 2014. Nýjar skjálfhendur á 12. öld. *Són* 12:55–67.
- Þorgeir Sigurðsson. 2016. The Alliterative, rhythmic and stanzaic constraints on verbs in *dróttkvætt*. Kristján Árnason, Stephen Carey, Tonya Kim Dewey, Haukur Þorgeirsson, Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Þórhallur Eyþórsson (ritstj.): *Approaches to Nordic and Germanic Poetry*, bls. 257–278. Institute of linguistics, University of Iceland, Reykjavík.

SUMMARY

Double-shivering meter and REKSTEFJA

Keywords: Skaldic poetry, tvískelft, poetic syntax, REKSTEFJA, Skáld-Helgi.

Only a small number of Old Norse skaldic poems are preserved with all their stanzas intact. One of these is the poem REKSTEFJA, whose name could mean ‘an inlaid refrain poem’ or ‘a split refrain poem’. It is the only poem or part of a poem, preserved in the very elaborate *dróttkvætt* variant, *tvískelft* ‘double shivering’. This meter is demonstrated by one stanza in HÁTTATAL (1220–30) and another in HÁTTALYKILL (1140–50). Two *lausavísur* (free standing stanzas) also exist in the meter. The name of the poem and its meter is given in the poem itself. Little is known of the origin of REKSTEFJA or about its author Hallar-Steinn except what can be deduced from the poem itself and from short fragments of his poetry quoted mostly in Snorra-Edda from around 1220. REKSTEFJA uses rhythmically abnormal shivering lines that had previously been used regularly in poems but no other poem places them in every other line. REKSTEFJA is unique in violating the V₂-rule (verb second) of syntax in main clauses, although this would be hard to avoid with shivering lines at the beginning of all stanzas (where clauses begin) each of which requires a specific shivering rhythm, usually provided by nouns and adjectives. The poem has three instances of inaccurate consonances (*skothendingar*) and several abnormal full rhymes (*aðalbendingar*) with *ó* and *ρ*. This unorthodox rhyme was used as an argument by Finnur Jónsson for REKSTEFJA not being composed by the poet Steinn Herdísarson whose poetry for Haraldr harðráði (d. 1066) and his son Ólafr kyrrí (d. 1093) is partially preserved.

Here I put forth arguments on the issue whether the anomalies regarding the V₂-rule and the rhyme in REKSTEFJA were peculiarities of its meter or of its poet. I argue that the V₂-rule was intentionally breached in REKSTEFJA because all existing stanzas in the *tvískelft* meter have abnormal placements of verbs in their odd numbered lines. These stanzas include stanzas in HÁTTALYKILL and HÁTTATAL that give authoritative samples of the *tvískelft* meter. I also point out that a special refrain used in REKSTEFJA separates all 15 stanzas in the middle part of the poem. In other poems the V₂-rule would help clarify the stanza structure but in REKSTEFJA this refrain seems to be devised to make up for its absence.

Furthermore, I argue that a tolerance toward inaccurate consonances was possibly a feature of the meter. This is because two of its three instances concern the rhyme *-lds : -ll* and this rhyme is also found in a *lausavísa* in the *tvískelft* meter, a stanza by Leiknir the berserk. This rhyme is only found a few times before 1300 and only became common in the 14th century. Another *lausavísa*

in the *tvískelft* meter has two instances of inaccurate consonances *-kkt* : *-kk* and *-rt* : *-r* not used elsewhere, except in a traditional stanza with the rhyme: *-rt* : *-r* by Leiknir's brother, another berserk (preserved with the other berserk stanza). In all cases of rhyme with *-kkt* and *-rt*, a morpheme boundary precedes the *-t* but this morpheme boundary is almost never respected in dróttkvætt rhyme before the 14th century.

I point out that the inaccurate full rhyme (*aðalbendingar*) noticed by Finnur Jónsson in REKSTEFJA only affects ϱ and ϕ , which were made equivalent in rhyme to o and $ó$ in addition to previously being equivalent to a and $á$. I note that a linguistic change, starting in the middle of the eleventh century made this rhyme reasonable. This change made every nasal ϕ become $ó$ while eventually any non-nasal ϕ became $á$. This would create a situation during the time of transition (around year 1100) where people might disagree whether a given ϕ rhymed with $ó$ or $á$. An ϕ : $ó$ equivalence made it possible for the name Óláfr to rhyme with both *-ól-* and *-ál-* and may have helped King Óláfr kyrri claim he had the same name as St. Óláfr. Therefore, and because other anomalies in REKSTEFJA appear to be intentional breaches of poetic rules (regarding the V₂-rule, high frequency of full rhyme in odd-numbered lines and possibly the inaccurate consonances), it is likely that the rhyme ϕ : $ó$ (and ϱ : o) was a deliberate design and was not an involuntary act of an individual.

The argument has been raised that because REKSTEFJA addresses a group of women it cannot be an 11th century praise poem. In response to this argument I point at two sisters at the court of King Haraldr harðráði and his son Ólafr kyrri. One of them was the king's concubine and Ólafr's mother. These sisters were close kinsmen to Ólafr Tryggvason and it could be these women who received the praise and were referred to in REKSTEFJA.

Þorgeir Sigurðsson
Íslensku- og menningardeild
Háskóla Íslands
Gimli, 4. hæð
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
ths185@hi.is



III

Ritstjórnarefni

Óðfræðifélagið Boðn

Annáll ársins 2016

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar var haldinn 17. febrúar 2016 í Esperantóhúsinu að Skólavörðustíg 6b og hófst kl. 17. Þórunn Sigurðardóttir, formaður Boðnar, setti fund og skipaði Helga Skúla Kjartansson fundarstjóra og Öldu Björk Valdimarsdóttur fundarritara. Fundargerð síðasta aðalfundar var lesin upp og samþykkt einróma. Annáll ársins 2015 var lesinn upp, en hann er prentaður í *Són* 13 (2015), bls. 186–187. Í stjórn voru endurkosin Helgi Skúli Kjartansson, Þórunn Sigurðardóttir og Alda Björk Valdimarsdóttir. Varamenn voru kosnir Kristján Eiríksson og Ragnar Ingi Aðalsteinnsson. Sjálfkjörnir í stjórn eru ritstjórar *Sónar* og *Braga óðfræðivefs*. Þau eru: Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Haukur Þorgeirsson og Bjarki Karlsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosin Kristján Árnason og Rósa Þorsteinsdóttir.

Són. Tímarit um óðfræði, 13. árgangur, kom út á árinu.

Hinn 15. apríl 2016 var hið árlega Boðnarþing haldið í Aðalbyggingu Háskóla Íslands, stofu 050. Þingið hófst kl. 13.00 og því lauk kl. 16.30. Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir setti þingið en ráðstefnustjóri var Guðrún Ingólfssdóttir. Fluttir voru sex fyrirlestrar.

Dagskrá Boðnarþings 2016 var sem hér segir:

Bjarki Karlsson, málfræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *Kerfisfræði rímnabáttar: Söguleg þróun og vannýtt tækifæri*.

Eva María Jónsdóttir, bókmenntafræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: *Þrjár gerðir rímna af Gretti Ásmundarsyni*.

Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur, Menntavísindasviði Háskóla Íslands: *Grímur og Gautur: Búarímur sem svar við Pétri Gaut?*

Rósa Þorsteinsdóttir, þjóðfræðingur, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: „Það vill heldur djassinn ...“: *Rímnakveðskapur á síðustu öld*.

Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir, bókmenntafræðingur, Hótel Leirubakka: *Hvernig lín breytist í mórðara: Um rímurnar af Mábil sterku og munnlega geymd þeirra*.

Þórarinn Eldjárn, skáld: *Er hægt að yrkja nútímarímur í alvöru?*

Alls voru haldnir þrjú stjórnarfundir á árinu auk aðalfundar: 11. janúar, 17. febrúar (aðalfundur), 24. ágúst og 22. nóvember. Stjórnarmeðlimir héldu hver sínu embætti. Þórunn Sigurðardóttir formaður, Bjarki Karlsson gjaldkeri og Alda Björk Valdimarsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Helgi Skúli Kjartansson, Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Haukur Þorgeirsson. Hin tvö síðastnefndu, ritstjórar Sónar, fara saman með eitt atkvæði á fundum.

Stjórn sótti um styrk til menntamálaráðherra og fékk 250.000 krónur. Ráðgert er að halda næsta Boðnarþing snemma á vormisseri 2017.

Þórunn Sigurðardóttir,
formaður Óðfræðifélagsins Boðnar

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar 2017

Aðalfundur Óðfræðifélagsins Boðnar 2017 verður haldinn þriðjudaginn **28. febrúar** í Hámu á Háskólatorgi og hefst kl. 16.

Dagskrá verður sem hér segir:

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
3. Annáll ársins 2016.
4. Reikningar lagðir fram.
5. Kosning í stjórn.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Önnur mál.

Þórunn Sigurðardóttir, formaður

Boðnarþing 2017

Ljóðlist á 21. öld

Árlegt **málþing** Óðfræðifélagsins Boðnar verður haldið í **Odda**, húsi félagsvísinda í Háskóla Íslands, föstudaginn **28. apríl**, kl. 13–17.

Erindi flytja:

- » *Alda Björk Valdimarsdóttir*
- » *Bergljót S. Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir*
- » *Benedikt Hjartarson*
- » *Kjartan Már Ómarsson*
- » *Ragnar Ingi Aðalsteinsson*

Upplestur úr skáldverkum:

- » *Lommi (Jón Örn Loðmfjörð)*
- » *Bjarki Karlsson*

Nánari dagskrá verður auglýst þegar nær dregur á vef Boðnar (bodn.is) og á Facebook-síðu félagsins (Són og Boðn).

Allir velkomnir

Áskrifendur *Sónar* eru hvattir til að koma og taka með sér gesti.

Greinar

Rósa Þorsteinsdóttir:

„Það vill heldur djassinn ...“ – Um vinsældir rímnakveðskapar á síðustu öld

Þorgeir Sigurðsson:

Tvískelfdur háttur og REKSTEFJA

Heimir Pálsson:

Tilraun til menningarbyltingar

Sigurður Konráðsson og Ragnar Ingi Aðalsteinsson:

Hlutföll hljóða í ljóðstöfum

Haukur Þorgeirsson:

Hnútasvipa Sievers prófessors – Um bragfræði VÖLUSPÁR

Atli Harðarson:

Dýðing á SKÖPUNINNI eftir Oðýsseas Elýtis

Helgi Skúli Kjartansson:

Sönglög og bragliðir

Þórunn Sigurðardóttir:

„Af hrærðum hjörtum“ – Tregablandið þakklæti
í heillaósk til handa ársögmlu barni eftir Ara Jochumsson

Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir:

Stigið yfir þröskuld táranna – Um UPPHAFNINGU INÖNNU eftir Enhedúönnu

Þórður Helgason:

Boð á ástarfund

Sónarljóð

ÓMUNATÍÐ

eftir Sigurð Pálsson

Ljóðskáld og þýðendur

Dagur Hjartarson, Eiríkur Örn Norðdahl, Guðrún Hannesdóttir,
Jón Ingvar Jónsson, Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Sigurlín Bjarney
Gísladóttir, Soffía Bjarnadóttir og Þórður Helgason.

Auk þeirra birta Atli Harðarson og Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir
eigin ljóðabýðingar í greinum sínum.